The latest data available on international tourist arrivals and nights in various countries over the first months of 1994, broken down by main country of origin, together with the corresponding changes over 1993.

Arrivals and nights for each country of destination are broken down by country and region of origin. The list of countries of origin have been limited to the major generation markets of North America, Europe and Asia/Oceania. Arrivals and nights for other countries have been aggregated within their respective region. Therefore the totals of arrivals and nights for each region exclude the figures of the countries listed individually.

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

## Travel and Tourism Issues in Tax Policy

World Travel Tourism Council, Brussel, 1994. 21 bls.

Inniheldur m.a. tölulegar upplýsingar um:

- Corporate and personal tax contribution, 1991, 1994, 2002
- Travel and tourism indirect taxes - 1994, by countries
- 1994 Travel and tourism taxes (indirect / personal), by countries

- 1994 Travel and tourism tax burden. Indirect tax share/GDP share, by countries
- Jobs created directly and indirectly by travel and tourism in the United States in 1994
- Jobs created by every million \$ of gross output
- Tax rates on hotel rooms / car rentals for selected cities

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands

## Travel and Tourism Progress and Priorities 1995

World Travel Tourism Council, Brussel, 1995, 20 bls.

Ritið hefur að geyma spá fyrir ýmsar hagstærðir ferðamannaiðnaðarins fram til ársins 2005.

Inniheldur m.a. eftirfarandi tölulegar upplýsingar:

- Travel and Tourism gross output, GDP, growth by region and growth by OECD country.  
Projected T and T output growth 1995 to 2005.
- Travel and Tourism employment, % of total employment, growth by region and growth by OECD country. Projected T and T employment growth 1995 to 2005.
- 1995 Travel and Tourism foreign trade, by countries:
  - Merchandise trade
  - Services trade
  - Net trade

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

## Yearbook of tourism statistics

World Tourism Organization.

Bækur í tveimur bindum sem innihalda upplýsingar um þróun ferðamannaiðnaðar frá yfir 150 löndum og svæðum.

Í BÍNDI I er að finna samantekt á þróun ferðamannaiðnaðar á heims- og landsvísu og hefur að geyma upplýsingar um alþjóðlegan ferðamannaiðnað varðandi:

- Tourism movements
- Tourism and international air transport
- Accommodation capacity

- Tourism payments
- Tourism and exports of goods and services

BINDI II inniheldur nákvæmar tölfraðiupplýsingar varðandi hvert land, um komur og dvalarlengd ferðamanna, greint niður eftir þjóðerni ferðamannsins.

BINDI I, hefur að geyma eftifarandi efnisatriði:

#### *TRENDS OF TOURISM MOVEMENTS AND PAYMENTS*

##### **WORLDWIDE**

- Arrivals of tourists from abroad and receipts from international tourism
- World tourism trends (graph)
- World selected series
- Arrivals of tourists from abroad by regions
- International tourism expenditure by regions
- International tourist arrivals. Trends in regional market share

##### **SELECTED GROUPINGS**

- Developing countries
- Mediterrean countries
- OECD

##### **COUNTRY RANKINGS**

- World´s top tourism destinations
- World´s top tourism spenders
- Top countries with highest receipts per tourist with highest expenditure per trip abroad
- Ranking of countries by hotel capacity

##### *REGIONAL SUMMARY*

##### **AFRICA, AMERICAS, EAST ASIA/PACIFIC, EUROPE, MIDDLE EAST, SOUTH ASIA:**

- Arrivals of tourists from abroad and receipts from international tourism
- Trends of international tourism (in each region)

##### **SELECTED SERIES**

- Trends of tourist arrivals by country
- Trends of tourist arrivals by air
- Trends of tourism receipts by country

- Outbound travel by region of destination
- Trends of tourism expenditure by country

BINDI II hefur að geyma þessi efnisatriði:

*TOURISM FROM ABROAD*, by country of origin

(Fimm ára tímabil, t.d. 1987 - 1991 í útg. 1993. Markaðshlutdeild hvers lands (1991),  
P.C. ('91-'90))

1. Arrivals at frontiers of tourist from abroad
2. Arrivals at frontiers of visitors from abroad
3. Arrivals of tourist from abroad in hotels and similar establishments
4. Attrivals of tourist from abroad in all accommodation establishments
5. Nights of tourist from abroad in hotels and similar establishments
6. Nights of tourist from abroad in all accommodation establishments

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

### The 1993 WTTC Report - Research Edition Supplementary Data Tables

World Travel Tourism Council, nóvember 1993.

Rit þetta er gefið út óreglulega og eru teknir fyrir mismunandi málaflokkar í hverri útgáfu.  
Inniheldur eftirfarandi tölulegar upplýsingar:

World and Regional Tables, 1991, 1994, 2005:

- Gross output
- Employment
- Value Added
- Capital Investment
- Indirect Taxes
- Consumer Spending
- Government Expenditures
- Foreign Trade - Net Exports
- Business Sales
- Wage and Salary Compensation
- Operating Surplus

- Capital Consumption / Depreciation

Ratio Analysis, 1991, 1994, 2005:

*World and Regional Tables, Country Tables:*

- Gross output / Market share
- Employment
- Value Added
- Capital Investment
- Indirect Taxes
- Consumer Spending
- Government Expenditures
- Business Sales
- Wage and Salary Compensation
- Operating Surplus

Growth Analysis: 1991 to 1994, 1994 to 2005:

*World and Regional Tables, Country Tables.:*

- Gross output
- Employment
- Value Added
- Capital Investment
- Indirect Taxes
- Consumer Spending
- Government Expenditures
- Business Sales
- Wage and Salary Compensation
- Operating Surplus
- Capital Consumption / Depreciation

Country Tables, 1991, 1994, 2005:

- Gross output (USD, LCU)
- Employment - Direct and indirect
- Value added (USD, LCU, direct and indirect)
- Capital investment (USD, LCU)
- Indirect Taxes (USD, LCU)
- Total Taxes 1994 (USD)
- Consumer spending (USD, LCU)
- Government Expenditures (USD, LCU)
- Foreign Trade( Net exports USD, LCU)(Exports/imports/Net Trade USD)

- Business Sales (USD, LCU)
- Wage and Salary Compensation (USD, LCU)
- Operating Surplus (USD, LCU)
- Capital Consumption / Depreciation (USD, LCU)

Other Analysis, 1991, 1994, 2005:

*Country Tables:*

- Tax burden
- Currency Exchange Rates

*World and Regional Tables, Country Tables:*

- Gross output per employee
- Wages and salary per employee
- Employment / Created by additional \$1 million gross output

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

## 2.1. Íslenskar kannanir

### **Akranes - viðhorfskönnun**

Íslenskar Markaðsrannsóknir hf (ÍM Gallup) fyrir Akranesbæ, september 1992.

Markmið rannsóknarinnar voru að athuga:

- Hvað fólki dytти fyrst í hug er það hugsaði um Akranes
- Hvað fólki finndist mest aðlaðandi og óaðlaðandi við Akranes.

Könnunin var símaviðtalskönnun sem var framkvæmd í september 1992. Úrtakið samanstóð af 1250 einstaklingum af öllu landinu á aldrinum 15 - 69 ára og var það valið tilviljunarkennt út þjóðskrá. Nettósvörur var 74,5%. Spurningarnar eru flokkaðar eftir kyni, búsetu aldri, tekjum og starfsgreinum.

Aðgengi: Ferðamálafulltrúi Akraness, eftir samkomulagi.

## Around Iceland/Reykjavík Reader Survey

Nesútgáfan.

Könnun sem Nesútgáfan hefur staðið fyrir frá árinu 1986. Spurningalisti fylgir með ritunum Around Iceland og Around Reykjavík sem er dreift ókeypis á hótel, á upplýsingamiðstöðvar og á helstu ferðamannastaði. Around Iceland er dreift árlega í 20.000 eintökum og Around Reykjavík í 60.000 eintökum. Frá árinu 1989 hefur spurningalistinn innihaldið spurningar, þar sem athugað er:

- Aldur svarenda, kyn (nafn), borg, land
- Hver tók ákvörðun um að fara til Íslands
- Hve mikilvæg voru ákveðin atriði við val á Íslandi (þ.e. náttúran, verslun í Rvk., skemmtun í Rvk., saga/menning landsins, tækifæri til útreiða, gönguferða, snjósleðaaksturs, sportfiskveiða, til annarrar útiveru, ákveðinn atburður (t.d. ráðstefna), viðskipti)
- Hvað varð til að viðkomandi hugleiddi Íslandsferð
- Hver skipulagði dvölinu á Íslandi
- Hvort viðkomandi hefur komið áður til Íslands og hvort hann hyggst koma aftur
- Eyðsla í ferðinni. Dvalarlengd
- Ánægja með ferðina (ferðina í heild, mannlíf og menningu, náttúru og landslag, útiveru, afþreyingu utandyra, flugþjónusta til landsins, flugþjónusta innanlands, hótelþjónusta, veitingahús, matur og þjónusta, skipulagðar skoðunarferðir, verðlag)
- Umsögn um bæklinginn (Around Iceland/Reykjavík)

Nesútgáfan hefur aðeins unnið úr svörum við spurningum um hótelþjónustu, veitingahús og umsögn um bæklinginn.

Í lokaverkefninu *Ferðakönnun* (sjá bls. 57) útgefnu í maí 1994, frá Rekstrardeild Háskólans á Akureyri, var unnið úr gögnum áranna 1989, 1991, 1992 og 1993. Höfundar verkefnisins voru: Indriði Pröstur Gunnlaugsson, Jóhannes Valgeirsson, Sæmundur Friðriksson og Unnar Jónson.

Aðgengi: Nesútgáfan.

**Ársþriðjungskönnun SVG**  
**1. ársþriðjungur 1995**  
**Hótel í Reykjavík**

Gunnar Karlsson, júní 1995, fyrir Samband veitinga- og gistihúsa.

Niðurstöður könnunarinnar byggja á úrtaki 6 hótela í Reykjavík, með samtals 780 herbergi. Til stendur að vinna sambærilega könnun ársþriðjungslega í framtíðinni.

Helstu efnisatriði skýrslunnar eru þessi:

- Útreikningur á meðalverðum gistiherbergja, tekjum, nýtingu ofl. á hótelum í Reykjavík, á fyrsta ársþriðjungi 1993 - 1995
  - Meðalverð seldra herbergja án morgunverðar og að frádregnum afslætti, á verðlagi hvers árs og sala á framboðið herbergi.
  - Hlutfallsleg skipting seldra herbergja eftir árstíðum.
  - Áhrif verð- og magnbreytingar á mismun gisteckna milli áranna 1994 og 1995.
- Upplýsingar vegna einstakra mánaða
  - Herbergjanýting eftir mánuðum 1995
  - Fjöldi gistenátta, seldra herbergja ofl. eftir mánuðum 1995 - hlutfallsleg skipting
  - Hlutfallsleg skipting gistenátta eftir þjóðerni janúar til apríl 1995
  - Dvalartími eftir þjóðernum janúar til apríl 1995
  - Meðalverð á seldu herbergi eftir mánuðum 1993 - 1995 á verðlagi hvers árs
  - Meðalverð á seldu herbergi í hverjum mánuði 1993 - 1995, sem hlutfall af meðalverði ársþriðjungsins
  - Meðalverð á verðlagi ársins 1995
- Breyting milli ára
  - Fjöldi útleigðra herbergja janúar til apríl 1994 og 1995
- Áhrif nýtingar og verðs á afkomu hótela og gistiheimila í Reykjavík (byggt á upplýsingum úr hagkönnun SVG ofl.)

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, Samband veitinga- og gistihúsa.

**Ferðamannakönnun á Borgarfirði eystri**

Álfasteinn hf., (1988 - 1994).

Árleg könnun á meðal ferðamanna sem heimsækja Álfastein hf., Borgarfirði Eystri, yfir sumartímann. Hliðstæðar kannanir hafa verið gerðar árlega frá 1988 en frá 1987 hefur verið framkvæmd talning á gestakomum í Álfastein.

Ef dæmi er tekið um könnunina frá 1994, þá var úrtakið 9.744 manns, þ.e. allir þeir sem komu við í Álfasteini, en 451 svöruðu könnuninni, eða tæplega 5%. Niðurstöðurnar geyma m.a. þessar upplýsingar:

- Rútufjöldi 1989 - 1994
- Meðaltalsfjölda ferðamanna á dag í Álfasteini frá 1. júní - 15. september 1987 - 1994
- Fjöldi gesta í Álfasteini 1987 - 1994
- Hlutfall erlendra- og íslenskra ferðamanna í Álfasteini, 1991 - 1994
- Búseta svarenda eftir landshluta
- Hvar svarandi fékk upplýsingar um Borgarfjörð
- Helstu ástæður fyrir komu viðkomandi (á svæðið)
- Hvort viðkomandi hafi komið áður
- Hvaða þjónustu viðkomandi hefur nýtt sér á svæðinu
- Hvaða staði svarandi hefur skoðað á svæðinu
- Hvort viðkomandi vissi um Álfastein áður en hann kom þangað
- Hvaða þjónustu svarandi myndi nýta sér, væri hún til staðar
- Viðhorf svarenda til sagna um álfa- og huldufólk

Enn fremur eru upptalningar svarenda á því hvað þeim finnst að þurfi að breyta á staðnum til að þjónusta ferðamenn betur, hvernig staðurinn kom viðkomandi fyrir sjónir og hvað kom svaranda mest á óvart.

Aðgengi: Álfasteinn hf. og Ferðamálaráð Íslands.

### **Ferðakönnun á Íslandi júní 1991 - júní 1992**

#### **Erlendir ferðamenn á heilu ári**

Samanburður milli árstíða

Félagsvísindastofun Háskóla Íslands, október 1992. 59 bls.

Unnið fyrir Vest-Norden ferðamálanefnd Norðurlandaráðs

Skýrsla þessi sýnir yfirlit um niðurstöður viðamikillar könnunar sem gerð var meðal erlendra ferðamanna á íslandi á tímabilinu frá 28. júní 1991 til 15. júní 1992. Markmiðið var að frá heildarmynd af erlendum ferðamönnum sem koma til landsins á heilu ári, ekki síst til að geta gert grein fyrir niðurstöðunum fyrir hverja af megin-árstíðum ferðaársins sérstaklega.

Spurningalisti með 20 spurningum var lagður fyrir erlenda ferðamenn skömmu áður en þeir yfirlægdu landið í Leifsstöð og við farþegaferjuna á Seyðisfirði.

Við framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu var ferðaárinu skipt upp í fjórar árstíðir. Sumartímabilið stóð frá síðustu dögum júnímánaðar og út ágúst 1991, haust-tímabilið frá miðum september og fram í miðjan nóvember, vetrar-tímabilið frá miðum nóvember til lok marsmánaðar og vor-tímabilið frá miðum apríl fram í miðjan júní 1992. Könnunardögum var síðan dreift af handahófi niður á tímabilin. Endanlegur fjöldi svarenda var 3274 á sumartímabilinu, 484 á haust-tímabilinu, 454 á vetrar-tímabilinu og 476 á vor-tímabilinu.

Skýrslan geymir samanburð á niðurstöðum hinna fjögurra árstíða fyrir hverja spurningu og er ætlunin að gera lesendum kleift að átta sig á sérkennum hverrar árstíðar fyrir sig, eins og þau koma fram í svörum þeirra ferðamanna sem þátt tóku í könnuninni. Til enn frekari glöggvunar er í flestum töflunum einnig hægt að sjá niðurstöðuna þegar allir svarendur ársins eru teknir saman. Innan hverrar töflu er sýnd marktækni þess munar sem er á milli árstíða í svörum við þeirri spurningu sem um ræðir.

Í niðurstöðum skýrslunnar er fyrst birt yfirlit yfir allar spurningar sem lagðar voru fyrir í könnuninni, þannig að svör ferðamanna á hverri árstíð fyrir sig eru sýnd hlið við hlið. Má þannig greiðlega sjá hvernig mynstrið er ólíkt eftir árstíðum. Annars skiptast niðurstöður skýrslunnar þannig (sjá nánari greiningu undir *Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991*):

1. Bakgrunnseinkenni þeirra ferðamanna sem komið hafa til landsins undanfarið ár: aldur, kyn, tekjur, starfsstétt og þjóðerni.
2. Tilgangur ferðar, tilhögun ferðar/ferðamáti og ákvarðanataka varðandi ferðina
3. Lengd dvalar á landinu, hvaða svæði fólk gistir og útgjöld þeirra í ferðinni.
4. Huglægt mat svarenda á ferðareynslu sinni hér á landi.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Þjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands.

## **Ferðamálakönnun á Íslandi 1991 - 1992:**

Erlendir ferðamenn haust, vetur og vor,  
greindir eftir bakgrunni og ferðamynstri

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, ágúst 1993. 155 bls. Unnið fyrir Ferðamálanefnd Vestur-Norðurlanda.

Haustið 1991 var lögð fram ítarleg skýrsla um niðurstöður könnunarinnar yfir sumarmánuðina 1991 þar sem niðurstöður voru greindar eftir þjóðerni svarenda og ýmsum bakgrunnsbreytum (sjá *Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991*) Haustið 1992 kom út skýrsla þar sem niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman eftir árstíðum (sjá: *Erlendir ferðamenn á heilu ári. Samanburður milli árstíða*). Í þeirri skýrslu var almennt yfirlit yfir niðurstöður summar-, vor-, haust- og vetrarmánaðanna.

Í þessari skýrslu eru niðurstöður birtar fyrir vor-, haust- og vetrarmánuðina en haustmánuðir og vormánuðir voru sameinaðir í eitt tímabil. Þetta var gert í þeim tilgangi að auka fjölda svara í greiningu niðurstaðna og talið eðlilegt þar sem haust- og vormánuðir eru svipaðir veðurfarslega séð. Því birtast í þessari skýrslu eingöngu niðurstöður sem greindar eru eftir þjóðerni svarenda og ýmsum bakgrunnsbreytum fyrir haust/vormánuði og vetrarmánuði í því miði að forðast endurtekningu á þeim upplýsingum sem eru í fyrrí skýrslum.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að í fyrsta hluta hennar er gerð grein fyrir framkvæmd könnunarinnar og upplýsingar um heimtur eða svörunarhlutfall birtar. Í öðrum hluta eru svör greind eftir helstu þjóðernishópum annars vegar og stærri markaðssvæðum hins vegar: Þjóðverjar, Norðurlandabúar, Bandaríkjamenn, Bretar, Frakkar, Ítalar, Svisslendingar o.fl. Gerð er grein fyrir bakgrunnseinkennum þeirra ferðamanna sem komu til landsins á könnunartímabilinu (kyn, aldur, tekjur og starfsstétt) greind eftir þjóðerni og markaðssvæðum. Því næst er greint frá tilgangi ferðar, tilhögun ferðar og ákvörðunum varðandi ferðina eftir ofantöldum breytum. Þá er fjallað um lengd dvalar á landinu, hvaða svæði fólk gistir og útgjöld þeirra í ferðinni. Því næst er sama greining gerð á svörum við spurningum sem beindust að mati svarenda á ferðareynslu sinni hér á landi. Í lokakafla skýrslunnar er svarendum skipt niður eftir bakgrunnseinkennum og nokkrum breytum er lúta að ferðatilhögun (tilgangur ferðar, hvernig ferðast og tegund ferðar). Í þessum hluta eru sem fyrr, svör við spurningum er varða bakgrunnseinkenni svarenda, ferðatilhögun, lengd dvalar og útgjöld og mat fólks á ferðareynslu sinni, greindar eftir þjóðfélagshópum og ferðamynstri fólks.

Sjá upplýsingar um framkvæmd könnunarinnar og fjölda svarenda undir *Ferðakönnun á Íslandi júní 1991 - júní 1992: Erlendir ferðamenn á heilu ári. Samanburður milli árstíða*.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Þjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands o.fl.

## Ferðamálakönnun á Íslandi: Erlendir ferðamenn sumarið 1991

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, október 1991. 123 bls.

Fyrir Ferðamálaráð Vestur- Norðurlanda.

Markmiðið með þessari könnun var að afla upplýsinga um ferðaþjónustu á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Famkvæmdin fór þannig fram að spurningalisti var lagður fyrir ferðamenn í lok dvalar þeirra hér á landi, í Leifsstöð og á Seyðisfirði, frá síðustu viku júní til loka ágúst. Tekið var kvótaúrtak með hendingaraðferð sem miðaði að því að svarendahópurinn endurspeglædi heildarhóp erlendra ferðamanna á þessu tímabili. Endanlegur fjöldi svarenda varð 3274 manns. Þar af voru 2727 sem fóru úr landi með flugi, en 547 sem fóru með ferjunni Norðrænu. Svörun var 67% í júní, 80% í júlí og 71% í ágúst.

Skýrslan er þannig upp byggð að í fyrsta hluta hennar eru sýndar niðurstöður fyrir alla erlenda ferðamenn sem komu hingað sumarið 1991. Þessi hluti skiptist í þrjá undirkafla:

1. Félagsleg einkenni svarenda: aldur, kyn, starfsstétt, tekjur (miðað við meðaltal í eigin landi) og þjóðerni. Einnig eru hér upplýsingar um félagsleg einkenni svarenda, greind eftir þjóðerni.

2. Tilgangur ferðar, tilhögun ferðar og ákvarðanataka:

Tilgangur ferðar til Íslands, hve löngu fyrir brottför kom hugmyndin um Íslandsferð upp, hvort önnur lönd hafi komið til greina og ef svo, hvaða land, hvar fékk svarandi þær upplýsingar um landið sem leiddu til ákvörðunar, hve löngu fyrir brottför var ferðin keypt, hvar var ferðin keypt, með hverjum var ferðast, fjöldi einstaklinga í hópi fjölskyldu, ættingja eða vina, tegund hóps sem ferðast var með, fjöldi einstaklinga sem ferðast saman, hvort farið var til annarra landa í sömu ferð og ef svo, hvaða lands.

3. Lengd dvalar, ferðalög um landið og útgjöld:

Fjöldi daga sem dvöl á Íslandi varði, fjöldi nátta sem dvölin varði á landinu í heild í mismunandi landshlutum, hvar fólk gisti á landinu og hve lengi, útgjöld svarenda í heildina og sundurliðuð (útgjöld fyrir farmiða, fyrir ferðapakkja og önnur útgjöld), hvað var innifalið í pakkaferðinni, sameiginleg útgjöld fjölskyldna eða hópa sem deilda útgjöldum, útgjöld á mann og útgjöld á mann á dag sem dvalið er í landinu.

4. Huglægt mat: verðlagning einstakra þátta ferðaþjónustunnar, almenn ánægja og óánægja, það sem kom á óvart, meðmæli:

Mat á verði gistingar á Íslandi, matar og drykkjar, skoðunarferða, minjagripa/gjafa, skemmtana, bílaleigu og samgönguþjónustu. Hvað olli vonbrigðum/var óþægilegt, hvað var ánægjulegt/jákvætt við dvölinu á Íslandi, það sem kom á óvart, hvort svarandi myndi mæla

með Íslandi sem ákvörðunarstað, ástæða þess að (ekki) mælt með Íslandi sem ákvörðunarstað, fyrirvarar þeirra sem mæla með Íslandi sem ákvörðunarstað.

Í öðrum hluta skýrslunnar eru allar ofangreindar upplýsingar settar fram fyrir helstu þjóðernishópa og stærri markaðssvæði.

Í þriðja hluta eru ferðamennirnir greindir eftir þjóðfélagshópum. Sýnd er ákvarðanataka, einnig ferðamynstur, reynsla, útgjöld og huglægt mat eftir aldri, kyni, starfsstétt og tekjuhópi. Einnig eru svörin þar greind eftir því hvort viðkomandi voru einir á ferð, með fjölskyldu eða í öðrum hópi, og sömuleiðis eftir tilgangi ferðar og hvort viðkomandi voru í pakkaferð, á eigin vegum eða hvoru tveggja.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Þjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands.

**Ferðamálakönnun á Íslandi 1991 - 1992;  
Farþegar sem ferðast með ferjunni Norrönu  
sumarið 1991**

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, janúar 1992. 24 bls.

Ferðamálakönnunin á Íslandi 1991 - 1992 er hluti af stærra verkefni sem unnið er fyrir Ferðamálanefnd Norðurlandaráðs og miðar að því að afla upplýsinga um ferðapjónustu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum.

Þessi skýrsla var unnin sérstaklega til að kynnast bakgrunni og ferðamáta þeirra ferðamanna er koma til landsins með farþega- og bílaflutningaferjunni Norrönu og leggja upp í ferð sína um landið frá Seyðisfirði. Sérúttekt þessi er unnin upp úr niðurstöðum könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði meðal allra erlendra ferðamanna sem komu Íslands sumarið 1991 (sjá umfjöllun um *Erlendir ferðamenn sumarið 1991, október 1991*). Alls voru svarendur 3274. Gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem helst þykja líkleg til að skilja á milli ferjufarþega og þeirra sem ferðast með flugi. Allar tölur eru gefnar upp bæði fyrir heildarúrtak allra erlendra ferðamanna, svo og úrtak flugfarþega og úrtak ferjufarþega, til að auðvelda samanburð.

Niðurstöður skýrslunnar skiptast í two kafla: Fyrri kaflinn geymir töflur sem sýna samanburð á flugfarþegum og ferjufarþegum hvað varðar ýmsar bakgrunnsbreytur og einginleika, s.s. aldur, kyn, þjóðerni, stéttarstöðu og tekjur. Í síðari kaflanum eru upplýsingar er varða ferðalagið sjálft, s.s. lengd dvalar í mismunandi landshlutum, með hverjum var ferðast, hvort ferðast var í

pakkaferð eða á eigin vegum, hvað var innifalið í pakkaferðum, hver var skoðun manna á verðlagi á Íslandi og hver útgjöld manna vegna ferðalagsins voru.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Pjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands.

## **Ferðamálakönnun á Íslandi sumarið 1993: Könnun meðal ferðamanna erlendra skemmtiferðaskipa**

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, September 1993. 82 bls.

Fyrir Ferðamálanefnd Vestur-Norðurlanda, Reykjavíkurhöfn og Borgarráð. September 1993.

Tilgangur könnunarinnar var að afla upplýsinga um farþega erlendra skemmtiferðaskipa, með það fyrir augum að þróa ferðaþjónustu fyrir þennan hóp ferðamanna. Starfsmenn Reykjavíkurhafnar sáu um framkvæmd könnunarinnar og lögðu þeir spurningalista með 19 spurningum fyrir 600 ferðamenn. Ferðamennir komu hingað til lands í júlí og ágúst með fjórum skemmtiferðaskipum, sem öll höfðu viðvöl í Reykjavíkurhöfn. Skipin voru valin í úrtakið af handahófi. Heildarfjöldi svarenda var 291 og heimtur 48,5%. Þar sem svarhlutfall var þetta lágt og að ekki var um slembiúrtak að ræða, er settur fyrirvari um áreiðanleika niðustaðna könnunarinnar og alhæfingargildi hennar.

Skyrslan skiptist í sex hluta sem taka til eftirfarandi efnispáttar:

Hluti I: Bakgrunnur ferðamanna með skemmtiferðaskipum:

Kyn, aldur, þjóðerni, fjölskyldutekjur, stétt.

Hluti II: Óskir fólks um breytingar á ferðaáætlun:

Hvaða svæði þeir vilja bæta við, hvaða svæði þeir vilja sleppa, hvort það hafi áhuga á að ferðast til Grænlands eða Færeyja, hvort það hefði áhuga á að lengja dvöl sína í Reykjavík.

Hluti III: Reynsla fólks af ferðalögum:

Hvort það hafi komið áður til Íslands, hvernig það ferðaðist til Íslands þá, hvort það hafi komið til Færeyja eða Grænlands, hvort það hafi áður ferðast með skemmtiferðaskipi ofl.

Hluti IV: Hvaða þættir leiddu til ákvörðunar um ferðina:

Hvað vakti áhuga fólks á því að ferðast um þennan heimshluta, hvaðan það fékk upplýsingar er leiddu til fararinnar, hve mikilvægt Ísland var fyrir val á ferðinni, hvaða staður eða svæði skipti mestu máli við ákvörðun um val á ferð.

Hluti V: Hvaða mat leggja svarendur á ferðina

Hvað olli vonbrigðum, hvað var ánægjulegt, hvort fólk muni mæla með ferð á þessar slóðir.

Í hverjum hluta skýrslunnar má sjá yfirlit yfir svör fólks við þeim spurningum er falla innan hans ramma auk upplýsinga um þá þætti er greindu á milli svara fólks. Svör voru annars vegar greind eftir félagslegum einkennum svarenda, og hins vegar eftir lykilspurningum, eins og skipsheiti, fyrri ferðum til Íslands og fyrri ferðum með skemmtiferðaskipi.

Í fyrsta hluta skýrslunnar, þar sem birtar eru upplýsingar um félagsleg einkenni svarenda, eru niðurstöður einnig bornar saman við niðurstöður úr könnun sem Félagsvísindastofnun gerði á almennum ferðamönnum er komu til Íslands sumarið 1991.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Pjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands.

**Ferðapjónusta bænda, viðhorfskönnum,  
um markaðsstöðu og horfur, um félögin FFB og FB hf,  
um skrifstofuna og fleira...**

Rögnvaldur Guðmundsson, fyrir stjórnir FFB og FB hf. í des 1994 og jan 1995.

Tilgangur könnunarinnar var að:

- Kanna þróun í gistenýtingu og breytingar á gistenóttum erlendra og innlendra gesta hjá félögum í FB milli áranna 1993 og 1994.
- Kanna með hve löngum fyrirvara gisting var bókuð.
- Kanna afstöðu félagsmanna til þjónustu skrifstofunnar í Bændahöllinni og til frammistöðu félagsins á nokkrum sviðum
- Kanna álit félagsmanna á framtíðarhorfum sínum og á kostum og göllum samtaka FB.

Könnunin var framkvæmd í desember 1994. Úrtakið samanstóð af meðlimum Samtaka ferðapjónustu bænda árið 1994 og sem voru í bæklingi FB þar ár, auk 6 nýrra aðila. Alls 116 einstaklingar. Svörun var 97%.

Í niðurstöðum könnunarinnar er að finna upplýsingar um:

1. Búseta eftir kjördænum, tegund gistenýtingar (eftir rúmafjölda), hve mjörg ár svarandi hefur verið í FB
2. Gistenýting ('93, '94) í júní, júlí, ágúst, september og allt árið
3. Fjöldi gistenátta
4. Eyðsla gesta
5. Tímasetning gistiþókana, eftir hvor bókað
6. Hvað svarendur töldu algengt að gestir hefðu bækling FB undir höndum

7. Viðhorf til þjónustu skrifstofunnar
8. Viðhorf til frammistöðu félags FB
9. Viðhorf til afkomuhorfa og hvað svarendur telja að þurfi að gera til að bæta hag félaga FB
10. Hverja félagsmennn FB telja vera kosti og galla samtaka FB.

Svörin eru svo krosskeyrð eftir *kjördæmum svarenda*, hvort gestir eru *ísl. eða útl.*, og stundum eftir *tegund gistirýmis* á býlum og *áraffölda innan FB*.

Aðgengi: Skrifstofa Ferðapjónustu Bænda.

### Gististaðir

Ársþriðjungslegar kannanir á nýtingu gistiherbergja, gisitekjum  
og meðalverðum hjá hótelum innan SVG  
árin 1990 til 1994

Gunnar Karlsson, fyrir Samband veitinga- og gistiþúsa, apríl 1995.

Ársþriðjungslegar kannanir á nýtingu gistiherbergja, gisitekjum og meðalverðum hjá hótelum innan SVG árin 1990 til 1994 og til samanburðar: Samantekt á komufjölda erlendra ferðamanna til landsins, fjölda gistenátta útlendinga, framboði og nýtingu á hótelum og gistiheimilum í Reykjavík og á landinu öllu, skv. heimildum Hagstofu Íslands árin 1990 til 1994.

Fyrsta könnunin náði til 4 hótel a í Reykjavík með samtals 689 herbergi yfir árin 1990 til 1993, ásamt fyrsta ársþriðjungi árið 1994. Önnur könnun náði til 4 hótel a í Reykjavík, með samtals 708 herbergi yfir árin 1993 og 1994. Aðrar kannanir byggðu minna úrtaki.

Skýrslan hefur m.a. að geyma eftirfarandi upplýsingar:

Öll verð og gisitekjur eru án morgunverðar og eftir að afslættir hafa verið reiknaðir frá, þ.e. hrein gistiþerð.

- Meðalverð seldra gistiherbergja í Reykjavík og þróun verðlags
  - Vægi vegna skiptingar gisitekna eftir þjóðerni maí til ágúst
  - Útreikningur verðlagsbreytinga m.v. gengi og lánskj.vísitölu
- Herbergjanýting í Reykjavík eftir mánuðum 1990 - 1994
- Tekjur á framboðið herbergi og vægi tekna eftir ársþriðjungum 1990 - 1994 og nýting herbergja apríl, maí, september og október 1990 - 1994
- Tekjur á framboðið herbergi, nýting herbergja og vægi seldra herbergja eftir ársþriðjungum 1990 - 1994
- Framboð og nýting gistiherbergja í Reykjavík

- Framboð herbergja á hótelum og gistiheimilum alls á höfuðborgarsvæðinu
- Nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum alls á höfuðborgarsvæðinu
- Framboðin/seld/óseld herbergi á hótelum og gistiheimilum á höfuðborgarsvæðinu

Ársþriðjungskönnun á meðalverðum, nýtingu ofl. á landsbyggðinni:

Hótel á landsbyggðinni, úrtak 187 herbergi 1992 - 1994

Hótel á landsbyggðinni, úrtak 291 herbergi 1992 - 1994

- Áhrif verð- og magnbreytinga á mismun gistitekna milli ára 1993 og 1994
- Útlendingar til landsins ársþriðjungslega 1985 - 1994 - og gistenætur útlendinga á höfuðborgarsvæðinu - á landinu öllu.
- Framboð og nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum á landinu öllu 1985 - 1993
- Framboðin / seld / óseld herbergi á hótelum og gistiheimilum á landinu öllu

Aðgengi: Samband veitinga- og gistiþúsa, Ferðamálaráð Íslands.

### Gististaðir

Ársþriðjungslegar kannanir á nýtingu gistiherbergja, gistitekjum og meðalverðum hjá hótelum innan SVG  
árin 1990 til 1994

#### Nr. 2: Ítarlegri úrvinnsla ýmissa þátta

Gunnar Karlsson, að ósk Ferðamálaráðs Íslands, apríl 1995.

Pessi skýrsla byggir á sömu könnunum og skýrsla með sama heiti, hér að framan.  
Í töflum og myndum skýrslunnar hefur úrtak 708 herbergja verið reiknað til samræmis úrtaki 689 herbergja, þar sem það á við, t.d. fjölda útseldra herbergja og heildartekjur ákveðins tímabils. Skýrslan geymir eftirtalda efnispætti:

- Herbergjanýting hótelas innan SVG, 1990 - 1994, per mánuð
- Nýting herbergja á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar skv. talningu Hagstofunnar og hins vegar skv. könnun meðal hótelas inan SVG, 1990 - 1994, ársþriðjungslega
- Gistitekjur á framboðið herbergi - verðalag 1994. Mánaðarlega, 1990 - 1994
- Meðalverð seldra herbergja 1990 - 1994, verðalag 1994
- Hreinar gistitekjur án morgunverðar 1990 - 1994, verðalag 1994
- Fjöldi útlendinga til landsins og framboð gistiþýmis. Landið allt - höfuðborgarsvæðið - landsbyggðin. Ársþriðjungslegar tölur
- Komur útlendinga og framboð herbergja 1985 - 1994

- Fjöldi útlendinga til landsins ársþriðjungslega 1985 - 1994 og gistenætur útlendinga á:
  - hótelum og gistiheimilum á landinu öllu - hótelum og gistiheimilum á höfuðborgarsvæðinu - hótelum og gistiheimilum á landsbyggðinni
- Gistenætur alls á hótelum og gistiheimilum á landinu öllu, höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni 1985 - 1994
- Gistenætur alls 1985 - 1994, gistenætur útlendinga og Íslendinga á
  - hótelum og gistiheimilum á landinu öllu
  - hótelum og gistiheimilum á höfuðborgarsvæðinu
  - hótelum og gistiheimilum á landsbyggðinni
- Nálgun að skiptingu heildarfjölda gistenátta útlendinga í Reykjavík eftir mánuðum 1990 - 1994.
  - hlutfallsleg skipting gistenátta innan ársþriðjunga í Reykjavík skv. könnun hjá hótelum innan SVG
  - gistenætur útlendinga í Reykjavík skipt eftir mánuðum (nálgun)
  - fjöldi útlendinga til landsins eftir mánuðum
  - fjöldi gistenátta útlendinga í Reykjavík samanborið við heildarfjölda útlendinga til landsins eftir mánuðum
- Gistenóttum alls í Reykjavík, skv. ársþriðjungstölum Hagstofunnar, skipt á mánuði skv. hlutfallslegri skiptingu gistenátta hjá SVG hótelum, 1990 - 1994
- Hlutfallsleg skipting gistenátta innan ársþriðjunga í Reykjavík
- Gistenóttum alls í Reykjavík skipt á mánuði
- Gistenóttum útlendinga í Reykjavík, skv. ársþriðjungslegri talningu Hagstofunnar, skipt á mánuði skv. könnun meðal hótelra innan SVG 1990 - 1994

Aðgengi: Samband veitinga- og gistihausa, Ferðamálaráð Íslands.

### Gististaðir

Framboð herbergja, nýting og fjöldi gistenátta á hótelum og gistiheimilum,  
í bændagistingu og á öðrum gististöðum  
á Íslandi árin 1985 - 1993

Áhrif framboðs, nýtingar og verðs á afkomu greinarinnar

Nr. 3

Gunnar Karlsson, maí, 1995.

Skýrslan geymir upplýsingar um:

- Framboð gistiþýmis á bændagististöðum 1984 - 1993
- Bændagistingu 1984 - 1993 og tjaldstæði 1987 - 1993 - fjöldi gistenátta, samkvæmt talningu

### Hagstofunnar og samkvæmt áætlun

- Gistinætur á farfuglaheimilum, 1985 - 1993. Íslendingar / útlendingar
- Gistinætur í svefnþokagistingu, 1986 - 1993. Íslendingar / útlendingar
- Gistinætur alls á hótelum, gistiheimilum, bændagistingu, á farfuglaheimilum, í svefnþokagistingu og tjaldstæðum 1987 - 1993
- Framboð herbergja á hótelum og gistiheimilum á landinu 1987 - 1993. Á dag - á tímabilinu.  
Ársþriðjungslegar tölur
- Framboð herbergja í bændagistingu á landinu. 1987 - 1993. Á dag - á tímabilinu.  
Ársþriðjungslegar tölur
- Útlendingar til landsins og framboð gistiþýmis talið í fjölda herbergja á dag. 1985 - 1993
- Gistinætur alls á landinu, hlutfall erlendir gestir og gistinætur útlendinga og hlutfall og gistinætur Íslendinga á hótelum og gistiheimilum - bændagistingu skv. talningu Hagstofunar. 1987 - 1993, ársþriðjungslega
- Gistinætur alls á landinu, hlutfall erlendir gestir og gistinætur útlendinga og hlutfall og gistinætur Íslendinga á hótelum, gistiheimilum og í bændagistingu skv. talningu Hagstofunnar, 1987 - 1993, ársþriðjungslega
- Nýting herbergja á hótelum og gistiheimilum á landinu, fjölda gistenáttu og fjölda gesta á seldu herbergi, 1987 - 1993
- Nýting herbergja í bændagistingu á landinu og fjöldi gistenáttu, ef reiknað er með sama meðalfjölda gesta á herbergi og á hótelum og gistiheimilum
- Framboðin / seld / óseld herbergi á hótelum, gistiheimilum og bændagistingu á landinu og ef áætluðum fjölda gistenáttu í bændagistingu er bætt við
- Framboð og afkoma gistiþúsa, samkvæmt Hagkönnun SVG og gistenáttatalningu Hagstofunnar
- Áhrif nýtingar og verðs á afkomu hótela og gistiheimila í Reykjavík - á landsbyggðinni
- Hæfilegt framboð gistiþýmis í Reykjavík - á landsbyggðinni

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, höfundur.

### „Góðir Austfirðingar“

Könnun meðal erlendra og innlendra gesta á Austurlandi sumarið 1993

Rögnvaldur Guðmundsson, fyrir Ferðamálasamtök Austurlands, janúar 1994.

Könnunin fór fram á tveggja mánaða tímabili, frá fyrstu viku í júlí til fyrstu viku í september. Spurningalistum var dreift á 17 þjónustu- og gistiþóðum á Austurlandi af starfsfólk í stöðunum. Svörun var um 90%, eða 562 svör. Nýtilegir listar voru alls 551; 144 frá Íslendingum og 407 frá útlendingum.

Skyrslan er byggð upp þannig, að fyrsti hlutinn fjallar um íslenska gesti á Austurlandi, annar hlutinn er um erlenda gesti á Austurlandi og þriðji hlutinn tekur til samanburðar á svörum gesta frá mismunandi svæðum í Evrópu.

Í könnuninni eftirfarandi atriði athuguð:

- Lýðfræðileg samsetning þátttakenda, s.s. kyn, aldur, búseta, atvinna.
- Hvenær og hvers vegna þátttakendur ákváðu að ferðast um Austurland.
- Hvort þeir leituðu upplýsinga um svæðið áður en lagt var af stað í ferðina eða í ferðinni sjálfri, og þá hvar.
- Tegund og lengd ferðar, föruneyti, farartæki og ferðaleið.
- Staðir og fjallvegir sem þeir færðu um, hvaða staði þeir skoðuðu sérstaklega, hvaða afþreying var notuð og hvernig þeir gisti; gistiðir og gistiðir.
- Athugað var hvað svarendur töldu eftirsóknarvert fyrir ferðamenn á Austurlandi, hvaða vitnisburð þeir gæfu ýmsum ferðaþjónustuþáttum þar, svo sem gistiþjónustu, afþreyingu, verslunum og vegamerkingum.
- Þá var beðið um ábendingar um jákvæða og neikvæða þætti ferðaþjónustu á Austurlandi og hvað gera mætti til úrbóta.
- Að síðustu var athugað hvað þátttakendur eyddu miklu fé á ferð sinni.

Aðgengi: Ferðamálasamtök Austurlands, Ferðamálaráð Íslands.

### „Góðir Íslendingar“

#### Ferðamálakönnun meðal Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1992

Rögnvaldur Guðmundsson, fyrir Ferðamálaráð Íslands, febrúar 1993.83 bls. + viðauki.

Könnun á meðal Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1992. Úrtakið var 2650 manns sem áttu leið um a.m.k. einn greiðasölustað af 15, um allt land, yfir ca. átta daga sumarið 1992. Svarhlutfall var um 85%.

- Lýðfræðilegir þættir voru skoðaðir, s.s. kyn, aldur, hjúskaparstaða, búseta (eftir kjördæmum) menntun og atvinna.
- Næst var spurt um atriði sem tengdust ferðinni sjálfri: tegund ferðalags og lengd, farartæki, gistiðir, gistiðir, föruneyti, fjöldi í föruneyti, fjöldi barna í föruneyti, tilgangur ferðar og eyðsla.
- Því næst var spurt um heimsóknir fólks á upplýsingamiðstöðvar (hvaða upplýsingamiðstöðvar heimsóttar og ástæður heimsókna á upplýsingamiðstöðvar og reynslu

af þeim).

- Spurt var um fjölda frídaga sem eytt var á ferð innanlands og erlendis.
- Að síðustu var athugað hvað fólkí þótti best við Ísland sem ferðamannaland, hvað fólkí mislíkar við að ferðast um Ísland og það beðið um ábendingar um hvað mætti betur fara í íslenskri ferðaþjónustu.

Birtar eru tíðnitöflur yfir svör allra þátttakenda við öllum spurningunum. Þeir sem voru í fríi og gisti a.m.k. eina nótt í ferðinni voru skoðaðir sérstaklega og athugað annars vegar hvort marktækur munur væri á svarendum eftir kyni, aldri eða menntun og hins vegar var gerð þáttagreining á svörum þessa hóps við spurningunum um gistimáta, gistisvæði og tilgang ferðar.

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, höfundur.

## Hagkönnun SVG

KPMG Endurskoðun hf., fyrir Samband veitinga- og gistihúsa

Hagkannanir SVG hafa verið unnar árlega frá 1991. Kannanirnar eru byggðar á upplýsingum um rekstur gistihúsa fyrra árs og fjárhagsstöðu þeirra í lok þess árs. Upplýsingar úr hagkönnunum tveggja ára á undan eru notaðar til samanburðar.

Ef dæmi er tekið um hagkönnunina fyrir árið 1993, voru send dreifibréf til 23 gistihúsa, þar sem beðið var um upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu þeirra á árinu 1993. Svör bárust frá 13 þeirra; 7 frá Reykjavík og nágrenni, og 6 frá landsbyggðinni. Fram kemur að ekki hafi náðst í allar þær upplýsingar og tölur sem stefnt var að og því séu einstaka tölur sem eru settar fram, byggðar á niðurstöðum fárra aðila.

Eins og segir í inngangi, þá er „tilgangur með hagkönnun sem þessari...fyrst og fremst að draga fram ákveðnar meðaltalsstærðir úr rekstri hótela innan sambandsins þannig að einstök fyrirtæki geti borið þær saman yið fjárhæðir úr eigin rekstri“(bls.1).

Helstu upplýsingar sem Hagkönnun 1993 hefur að geyma eru þessar:

- Hlutfallstölur úr rekstrarreikningum áranna 1993 og 1992. Reykjavík - Landið  
Rekstrartekjur: Herbergjatekjur, veitingasala, aðrar tekjur.  
Rekstrargjöld: Kostnaðarverð seldra veitinga, annar beinn kostnaður, stjórnunar- og markaðsmál, annar sameiginlegur kostnaður, rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar hagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaður, álagning af veitingasölu
- Hlutfallstölur úr rekstrarreikningum áranna 1993, 1992 og 1991.

- Hótel - Framlegð á herbergi árin 1993, 1992 (Reykjavík - Landið) og 1991 (Reykjavík).  
Tekjur á herbergi, beinn kostnaður á herbergi, framlegð á herbergi
- Veitingahús - Greining á veitingasölu, 1993, 1992, 1991.  
Hráefnisnotkun í % af matarsölu, vínföng í % af vínsölu, drykkjarvörur í % af sölu gosdrykkja, drykkjarvörur í % af sölu á smábörum
- Hótel- Greining viðskipta 1993 og 1992 Reykjavík - Landið. Samtals landið allt 1991.  
Uppruni viðskipta (%) Innlend - erlend  
Samseting viðskipta. Viðskiptaerendi, almennir ferðamenn, ráðstefugestir, aðrir.  
Greiðslufyrirkomulag. Staðgreiðsla, greiðslukort, önnur reikningsviðskipti.  
Herbergjafjöldi. Nýting á rekstartímabilinu (%), per mánuð  
Meðalfjöldi gesta á herbergi. Einingaverð: Á seldu herbergi, á gistenótt  
Fyrirframpantanir (%). Bein sala
- Veitingahús - Greining viðskipta árin 1993 og 1992  
Stærð veitingasala. Sætafjöldi, stærð í fermetrum, sæti á fermeter  
Fjöldi matargesta, per mánuð. Greiðslufyrirkomulag
- Kennitölur úr efnahagsreikningi  
Veltufjárlutfall 1993, 1992  
Fjárfesting á herbergi 1993, 1992 (og á verðlagi 1993).

Aðgengi: Samband veitinga- og gistiþúsa.

### **Kjarakönnun eftir starfsgreinum (nóv, 1994)**

Verslunarmannafélag Reykjavíkur. VR blaðið, janúar 1995.

Kjarakönnun innan allra níu starfsgreina VR. Úrtak: 4000 félagsmenn VR í 150 fyrirtækjum. Svörun innan einstakra starfsgreina var á bilinu 17 - 51%. Innan ferðapjónustugeirans var svörunin 37%.

Í niðurstöðunum má sjá upplýsingar m.a. um meðallaun starfsfólks innan ferðapjónustunnar; meðal grunnlaun, hæstu og lægstu grunnlaun, meðal heildarlaun, hæstu og lægstu heildarlaun, greind eftir starfsaldri, starfsheiti, menntun, og kyni.

Á skrifstofu VR má fá nánari greiningu á niðurstöðum könnunarinnar, t.d. meðalgrunnlaun á ferðaskrifstofum, hótelum og hjá flugfélögum, eftir ábyrgð, kyni, fjölda tungumála og fjölda námskeiða. Ætlunin er að framkvæma hliðstæðar kannanir árlega eða annað hvert ár og birta í VR blaðinu.

Aðgengi: Verslunarmannafélag Reykjavíkur.

## Könnun á meðal ferðamanna á Eyjafjarðarsvæðinu, sumarið 1993

Porbjörg Þráinsdóttir, á vegum Akureyrarbæjar. September 1993.

Tilgangur könnunarinnar var „að nýta þær upplýsingar sem fram koma, til að bæta stöðu ferðaþjónustuaðila á Eyjafjarðarsvæðinu, jafnfram því að vera innlegg í þá auknu umræðu sem á sér stað um ferðaþjónustu í Eyjafirði“ (bls.1).

Könnunin var á 4 tungumálum, auk íslensku, þ.e. ensku, þýsku, norsku og frönsku og var henni dreift á flesta gististaði í Eyjafirði í byrjun júlí 1993. Könnunin var lögð fyrir ellefu sinnum á flugvelli Akureyrar, auk þess sem svarblöðin lágu frammi á upplýsingamiðstöð Akureyrar allt tímabilið. Í ágústmánuði voru svo blöðum dreift á tveimur veitingastöðum á Akureyri. Alls nýttust 618 svarblöð, þar af voru 127 útfyllt af Íslendingum.

Við framsetingu gagna, var úrtakinu skipt í tvennt og greint á milli Íslendinga og útlendinga. Lykilspurningar voru svo greindar eftir t.d. aldri, þjóðerni, einstaklingar í hópferð og þeirra sem ferðast á eigin vegum. Uppbygging ritgerðarinnar er þannig:

Kafli 1: Tíðnitöflur yfir lýðfræðilega þætti Íslendinga annars vegar og útlendinga hinsvegar.

Þjóðerni, aldur, kyn, menntun

Kafli 2: Ferðatilhögun

Ástæða ferðar, föruneyti, ferða- og gismáti, hópferð eða ferð á eigin vegum, farartæki, gismáti, hvort aður komið til Eyjafjarðar

Kafli 3: Upplýsingaöflun

Hvort upplýsingar voru fengnar um Eyjafjörð fyrir komu, hvar upplýsinga um Eyjafjörð var aflað, (hvaðan upplýsinga um landið var aflað, hvar var ferðin keypt: úr niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar, 1991), um hvað vildi fólk fá upplýsingar.

Kafli 4. Dvalarlengd

Heildarferðalengd, fjöldi nátta í Eyjafirði, ástæða fyrir stuttri dvöl, viðkomustaðir í firðinum, hlutfall þeirra sem nýtti sér þá þjónustu / afþreyingu sem í boði er, söfn heimsótt, ástæður þess að afþreying/þjónusta er ekki nýtt, eyðsla.

Kafli 5: Huglægt mat ferðamanna

Afstaða erlendra ferðamanna til einstakra þjónustubátta, hvað var best / verst við Eyjafjarðarsvæðið.

Aðgengi: Höfundur, Byggðastofnun Akureyri.

## Könnun á því hvað ferðamenn kaupa af minjagripum og gjafavöru

Garðar Gíslason, Árni Sigurðsson og Jóhann Pétursson, fyrir Byggðastofnun og Útflutningsráð Íslands, janúar 1992. 115 bls + viðaukar.

Markmiðið með könnuninni var að athuga kauphegðun erlendra ferðamanna á minjagripum og gjafavöru, hvað stýrir vali þeirra og hvað þeim finnst vanta í úrvalið.

Stærð úrtaks var 1000 manns sem var tekið meðal brottfararfariða ferjunnar Norræna á Seyðisfirði (130), skemmtiferðaskipinu Maxim Gorki í Reykjavík (77), flugstöð Leifs Eiríkssonar (65) og við brottfararstöð Hótel Loftleiða (118). Fyrirlögnin fór fram í júlí, ágúst og október 1991.

Spurningalisti var lagður fyrir ferðamenn við brottför úr landinu. Listinn skiptist í two hluta:

Í Hluta I voru eftirfarandi atriði skoðuð:

1. Þjóðerni, greint eftir: tilgangi ferðar, meðaleyðslu og hvað keypt.
2. Meðaleyðsla, hverjir keyptu ekki, hvað keypt, val á munum greint eftir kyni.
3. Aldursdreifing allra (eftir kyni) og farþega á Maxim Gorki.
4. Meðaldvalartími greint eftir kauphegðun, og kauphegðun eftir farþegategund (viðkomufarþegar/aðrir).
5. Meðaleyðsla og kauphegðun eftir ferðamáta.

Í Hluta II voru þessir þættir athugaðir:

1. Hvað finnst svarendum einkenna Ísland.
2. Fjöldi þeirra sem keypti gjafavörur/minjagripi. Af hverju sumir keyptu ekkert.
3. Tegundir minjagripa/gjafavöru/annars varnings sem var keyptur.
4. Hvað svarendum fannst um úrval og verð, greint eftir vörutegundum.
5. Viðhorf til verðlags og hvar oftast keyptir minjagripir/gjafavara, greint eftir því hvar verslað (Reykjavík, landið, fríhöfn, hótel).
6. Meðaleyðsla eftir þjóðerni. Peir sem engu eyddu, eftir þjóðerni.
7. Það sem hafði áhrif á val svarenda á gjafavörum og minjagripum

8. Hve oft viðkomandi kaupir hluti sérstaklega merkta því landi eða stað sem ferðast er til, greint eftir kyni, og þjóðerni.
9. Viðhorf svarenda til úrvals og gæða minjagripa og gjafavara á Íslandi.
10. Hvað svarendum fannst vanta í úrvalið af minjagripum á Íslandi.

Aðgengi: Byggðastofnun, Ferðamálaráð Íslands, Útflutningsráð Íslands.

## Könnun meðal ferðamanna á erlendum skemmtiferðaskipum Hluti II

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, nóvember, 1994.

Fyrir Ferðamálanefnd Vestur- Norðurlands, Reykjavíkurhöfn og Borgarráð.

Þessi könnun er annar hluti verkefnis sem var unnið sumarið 1993, undir heitinu: *Ferðamálakönnun á Íslandi sumarið 1993: Könnun meðal ferðamanna erlendra skemmtiferðaskipa* (sjá bls.40). Unnið er að samsvarandi könnun í sumar (1995).

Spurningalistinn sem lagður var fyrir í þessari könnun, var að stærstum hluta sá sami og lagður var fyrir sumarið 1993. Í nokkrum tilfellum var þó spurningum breytt eða sleppt. Breytingarnar fólust m.a. í því að svarmöguleikar voru gefnir við spurningum sem voru opnar árið 1993 og spurningar voru gerðar markvissari með breyttu orðalagi.

Framkvæmd könnunarinnar var í höndum starfsmanna Reykjavíkurhafnar og lögðuþeir spurningalista með 18 spurningum fyrir 1152 ferðamenn. Ferðamennirnir komu hingað til lands í júní, julí og ágúst með sex skemmtiferðaskipum, sem öll höfðu viðvöl í Reykjavíkurhöfn. Skipin voru valin af handahófi í úrtakið. Alls bárust 338 listar til baka og voru heimtur 29,3%.

Skýrslan geymir niðurstöður könnunar á meðal ferðamanna á skemmtiferðaskipum sem komu til Íslands sumarið 1994 og er henni skipt í two hluta. Í fyrri hluta hennar eru upplýsingar um svör við einstökum spurningum og þegar við á eru svör ferðamanna sem komu 1994 borin saman við niðurstöður frá árinu 1993. Í öðrum hluta gefur síðan að líta svör ólíkra þjóðfélagshópa (spurningar voru greindar eftir kyni, aldri, menntun, fjölskyldutekjur og búsetu). Auk þess voru svör greindar eftir lykilspurningum eins og skipsheiti, fyrri ferðum til Íslands og fyrri ferðum með skemmtiferðaskipi. Þegar niðurstöður voru greindar eftir bakgrunnsbreytum var athugað hvort marktækur munur sé á svörum milli hópa.

Hvor hluti skýrslunnar skiptist í fimm kafla:

1. Bakgrunnur ferðamanna: kyn, aldur, menntun fjölskyldutekjur, búseta. Auk þess: hefurðu keypt einhverja minjagripi í þessari ferð, hve miklum peningum hefurðu eytt í minjagripi í þessari ferð, skipsheiti.
2. Hvert svarendur hafa áður ferðast: hefurðu komið til Íslands áður, komst þú með skipi eða flugvél til Íslands, hefurðu áður komið til Grænlands, hefur þú sigt með skemmtiferðaskipi áður, hvert hefur þú sigt með skemmtiferðaskipi.
3. Hvert hafa svarendur áhuga á að ferðast: hefurðu áhuga á að ferðast til Grænlands / Færøya,
4. Hverju vilja ferðamenn breyta í ferðaáætluninni: hvað af eftirtöldu myndir þú helst leggja áherslu, ef þú hefðir möguleika á að breyta ferðaáætluninni (dvelja lengur í hverri höfn, fara í fleiri útsýnisferðir, heimsækja fleiri staði, fá fleiri tækifæri til að fara í búðir), vildir þú frekar að Grænland væri hluti af ferðaáætluninni en Spitsbergen fyrir sama verð, hefðir þú áhuga á að lengja dvölini í Færøyum / Íslandi, Reykjavík, til að skoða landið / borgina betur, jafnvel þó það hefði aukinn kostnað í för með sér, myndir þú mæla með siglingu á þessar slóðir við vini þína.
5. Hvað hafði áhrif á þá ákvörðun þeirra að ferðast á þessar slóðir: hvert eftirtalinna atriða vakti helst áhuga þinn á að sigla um þennan heimshluta (landslag/náttúra, miðnætursól/bjart allan sólarhringinn, óspillt umhverfi/kalt loftslag, menning/saga), hvaða staður skipti mestu máli þegar þú ákvaðst að fara í þessa ferð, hvaðan fékkst þú upplýsingar sem stuðluðu að því að þú ákvaðst að fara í þessa ferð.

Aðgengi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Þjóðarbókhlaða, Ferðamálaráð Íslands.

## Könnun meðal ferðamanna á Norð-Austurlandi

Anna Dóra Sæþórsdóttir fyrir Landsvirkjun. Í vinnslu sumarið 1995.

Markmið þessarar könnunar er að athuga viðhorf ferðafólks til hugsanlegra virkjunarframkvæmda norðan Vatnajökuls og hvaða áhrif framkvæmdir á svæðinu gætu hugsanlega haft á umferð ferðamanna. Könnunin er liður í athugun á ferðamannaþjónustu á svæði norðan Vatnajökuls, sem tekur til staða s.s. Dettifoss, Jökulsárgljúfra, Herðubreiðalinda, Öskju, Kverkfjalla og Snæfells.

Spurningalisti sem inniheldur 35 spurningar var lagður fyrir ferðamenn á helstu ferðamannastöðum svæðisins. Fjöldi svarenda var á bilinu 6 - 700.

Í könnuninni er m.a. spurt um:

- Bakgrunnsupplýsingar s.s. þjóðerni, kyn, aldur, menntun.
- Tilgang ferðar og hvort ferðast sé á eigin vegum eða á vegum ísl/erl. ferðskrifstofu.

- Farartæki, gistimáta, áætluð dvalarlengd á Íslandi / svæðinu.
- Hvort svarandi hafi ætlað að sjá einhvern stað á svæðinu öðrum fremur.
- Hvaða staði viðkomandi hefur komið á, eða ætlar á, í þessari ferð.
- Hvaða áhrif bygging vatnsorkuvera svarandi telji að hafi á Ísland sem ferðamannaland.
- Hversu oft svarandi hefur komið á þetta svæði Norð-Austurlands áður og hvort viðkomandi telji líklegt að hann muni koma aftur á svæðið.
- Hvort miðlunarlón nærri ferðaleiðinni, hefðu áhrif á ferðaval svaranda.
- Hvað það er við hálandið sem svaranda líkar best við
- Hvað svaranda finnst neikvæðast við hálandið.
- Viðhorf til byggingar vatnsorkuvera á Íslandi almennt / norðan Vatnajökuls.
- Hvað viðkomandi telur að hann muni eyða miklu á svæðinu og hvernig sú eyðsla greinist niður.

Aðgengi: Landsvirkjun, eftir samkomulagi.

### Niðurstöður á könnun á ferðavenjum útlendinga

á Íslandi árið 1989

Samanburður við niðurstöður 1988

Björn S. Lárusson. Óútgefin.

Pessi skýrsla hefur að geyma niðurstöður tveggja kannana sem framkvæmdar voru í lok júlí 1989. Sami spurningalisti var annars vegar lagður fyrir farþega á leið úr landinu, með flugi og hins vegar fyrir farþega á leið úr landi með ferjunni Norröna. Niðurstöður hvors hóps eru birtar í tvennu lagi. Úrtak fyrri könnunarinnar (farþegar með flugi) samanstendur af 450 manns en alls svöruðu 346. Í seinni hlutanum, er úrtakið 700 manns. Þar svöruðu 56 farþegar, eða 8% af heildarfærþegafjölda.

Spurt var um:

Kyn og aldur, tilgang ferðarinnar, hvers vegna viðkomandi valdi Ísland, hvar ferðin var keypt, hve löngu fyrir brottför ferðin var keypt, hve dvölin á Íslandi var löng, hvaða landshuta viðkomandi heimsótti, hvernig viðkomandi ferðaðist um Ísland, hvar viðkomandi gisti á meðan á dvölinni stóð og hvað viðkomandi gerði á meðan á dvölinni stóð. Auk þess voru farþegar Norröna spurðir um þjóðerni. Niðurstöður beggja kannananna eru svo bornar við hliðstæðar kannanir sem voru framkvæmdar ári áður.

Aðgengi: Höfundur, Ferðamálaráð.

## **Stefnumótun í ferðapjónustu í Austur-Húnnavatnssýslu**

Átaksverkefnið Framtak. Apríl 1993. Aðstandendur þess eru: Seyluhreppur og Lýtingsstaðarhreppur í Skagafirði og allir hreppar og bæjarfélög í Austur-Húnnavatnssýslu.

Skýrsla hagsmunaaðila í Austur-Húnnavatnssýslu. Hefur m.a. að geyma niðurstöður „Ytri greiningar“ sem var gerð til að frá yfirsýn yfir óskir þeirra er nýta þá þjónustu sem býðst í héraðinu.

Greiningin fór þannig fram að spurningalisti, sem saman stóð af 12 spurningum, var láttinn liggja frammi á hótelum, tjaldstæðum og öðrum gistiþöldum fyrir ferðamenn, sumarið 1992. Alls bárust 228 svör. Í niðurstöðum könnunarinnar er að finna upplýsingar um:

- \* Hvort þetta sé í fyrsta sinn sem svarandi komi í Austur-Húnnavatnssýslu
- \* Ferðamáta. Aðalerindi í sýsluna
- \* Hvar svarandi frétti af tjaldstæðinu og hvað honum finnst um það
- \* Nýtingu svarenda á þjónustu og afþreyingu í sýslunni
- \* Hvaða þjónustu/afþreyingu svarendum finnst vanta
- \* Hvaða atriði finnst svarendum eftirsóknarvert fyrir ferðamenn að njóta og nýta sér í sýslunni
- \* Hve lengi viðkomandi telur hæfilegt að dvelja í sýslunni og hvort svarandi sé ánægður með dvöl sína í sýslunni. Þjóðerni

Aðgengi: Seyluhreppur og Lýtingsstaðarhreppur í Skagafirði og allir hreppar og bæjarfélög í Austur-Húnnavatnssýslu. Ferðamálafulltrúi Austur Húnnavatnssýslu.

### **Upplýsingamiðstöð. Hvað margir ? Fyrir hverja ? Um hvað er spurt ?**

Valgeir Ingi Ólafsson, ferðamálafulltrúi Suðurlands. Október 1994. 17 bls + viðaukar. Óútgefíð.

Skýrslan inniheldur niðurstöður kannana sem unnar voru á upplýsingamiðstöðvum Suðurlands, sumarið 1994. Þrjár upplýsingamiðstöðvar, af níu, skiliðu gögnum sem náðu aðeins yfir hluta af könnunartímabilinu og ein miðstöðin skilaði engum gögnum.

Í niðurstöðum skýrslunnar koma fram upplýsingar um gestafjölda hverrar miðstöðvar yfir sumarið, greint eftir Íslendingum/útlendingum, stundum borið saman við eitt til 3 fyrri ár.

Fram kemur hvert innihald fyrirspurnanna er, hversu mikið þarf að sinna gestunum, fjöldi fyrirspurna (greint eftir innihaldi) og greining á hvers konar ferðir / afþreyingu spurt er um. Undir kaflaheitinu „Til umhugsunar“ dregur höfundur fram atriði sem huga þarf betur að og kemur með hugmyndir um hvernig mætti bæta þjónustu viðkomandi upplýsingamiðstöðvar.

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, höfundur

### **Pjónustukönnun Hótel Eddu: Umsögn þín**

Ferðaskrifstofa Íslands frá júní 1995.

Frá júnímánuði 1995, hefur verið framkvæmd þjónustukönnun á öllum Edduhótelunum. Um er að ræða endurbætta útgáfu eldi könnunar sem hefur verið í gangi undanfarin ár. Í eldri útgáfunni var einingis athugað mat gesta á hótelinu; þjónustu, viðmóti ofl. Árlegar heimtur hafa verið um 1000.

Í þessari nýju útgáfu könnunarinnar, sem framkvæmd er þannig að spurningablað með 7 spurningum, liggur á öllum herbergjum Eddu hótelanna, er eftirfarandi athugað:

Þjóðerni, kyn, aldur, hvernig er ferðast (á eigin vegum/í skipulagðri hópferð/annað), hvort svarandi ferðist einn / með fjölskyldu eð ættingjum / með vinum, hvaða þættir höfðu áhrif á að viðkomandi valdi Hótel Eddu og að síðustu eru gestir beðnir um álit sitt á nokkrum þáttum sem lúta beint að hótelinu, s.s. þjónustu og veitingum.

Aðgengi: Ferðaskrifstofa Íslands, eftir samkomulagi.

### **Pjónustukönnun Flugleiða sumarið 1995**

Flugleiðir. Í vinnslu sumarið 1995.

Þjónustukönnun framkvæmd á öllum leiðum Flugleiða, sumarið 1995. Spurt er um: Tilgang ferðar, lengd ferðar, hvenær ákvörðunin var tekin um að fara þessa ferð, megin ástæðu þess að viðkomandi flaug með Flugleiðum, tengiflug, tíðni flugferða með Flugleiðum, viðhorf til þjónustu ofl. hjá Flugleiðum, þjóðerni, kyn, aldur, tekjur, tegund farmiða og fjöldi ferðafélaga.

Aðgengi: Flugleiðir, eftir samkomulagi.

## 2.2. Erlendar kannanir

### **European Travelling 1994** Pool-Report for European Travel commission, Paris

European Travel Monitor S.A., Luxemburg, April 1995.

Alþjóðleg ferðakönnun sem er framkvæmd af könnunarfyrirtækjum innan 24 Evrópuþjóða. Notaður er staðlaður spurningalisti. Könnunin, sem hefur verið framkvæmd síðan árið 1988, mælir allar utanlandsferðir þar sem gist er a.m.k. eina nótt. Þýðið endurspeglar þjóðina í hverju landi. Alls svara u.p.b. 300.000 einstaklingar spurningum um utanlandsferðir sínar, árlega.

Skyrslan skiptist í þrjá megin hluta:

- Outbound trips of Europeans in 1994

This report contains as a standard report a rough analysis of the total data at hand

- European Outbound Profile 1994

A pan-European profile of European outbound trips

- Tables concerning the Origin-Destinational Matrix

Efnisflokkar sem athugaðir eru:

* Number of trips abroad	* Means of transport used
* Number of overnight stays	* Accommodation used
* Duration of trip	* Expenditure per trip
* Travel season	* Expenditure per night
* Travel destination	* Market turnover
* Country of origin	* Sex
* Region of origin	* Age
* Purpose of trip	* Children in household
* Type of holiday	* Size of household
* Type of business trip	* Social status
* Organisation of trip	* Type of residence

Megin framsetning niðurstaðna:

#### Outbound Report

The Outbound-Report covers one country of origin. It shows the trips abroad of the inhabitants of the country to all destinations worldwide. It contains all survey topics as mentioned above.

#### Inbound Report

The Inbound-Report shows the details of the trips of the inhabitants of one country of origin to one destination country. It contains the characteristics of people travelling from the country of origin to one specific destination. It also contains all survey topics as mentioned above.

Efnisflokkar hverrar töflu eru greindir eftir:

- Purpose of trip short holiday (1-3 nights), long holiday (4 nights and more), visiting friends and relatives and business.
- Organisation (inclusive holiday, other pre-booked, non prebooked).
- Transport used (car, plane charter, plane scheduled, coach train).

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

### 3.1. Íslenskar lokaritgerðir

#### Ferðakönnun, Úrvinnsla og greining. Viðaukar

Indriði Pröstur Gunnlaugsson, Jóhannes Valgeirsson, Sæmundur Friðriksson og Unnar Jónsson. Rekstrardeild Háskólans á Akureyri, maí 1994.

Pessi ferðakönnun, er unnin upp úr gögnum frá Nesútgáfunni sf.(sjá bls. 33). Niðurstöðurnar byggja á svörum við spurningalista sem hefur fylgt með bæklingunum *Around Iceland* og *Around Reykjavík* frá árinu 1989. Bæklingarnir eru gefnir út árlega í 80.000 eintaka upplagi og er dreift ókeypis á hótel, upplýsingamiðstöðvar og á helstu ferðamannastaði. Árlega hafa ca. 400 - 600 einstaklingar svarað spurningablaðinu og sent inn svörin.

Úrtak *Ferðakönnunar* eru þeir sem sendu inn spurningalistann árin 1989, 1991, 1992 og 1993. Árið 1989 fengust 601 svar, 1991: 438 svör, 1992: 467 svör og 1993: 355 svör, eða alls: 1861 svör.

Frá 1989 hefur spurningalistinn geymt spurningar, þar sem athugað er:

- Aldur svarenda, kyn (nafn), borg, land
- Hver tók ákvörðun um að fara til Íslands
- Hve mikilvæg voru ákveðin atriði við val á Íslandi (þ.e.náttúran, verslun í Rvk., skemmtun í Rvk., saga/menning landsins, tækifæri til útreiða, gönguferða, snjósleðaaksturs, sportfiskveiða, til annarrar útiveru, ákveðinn atburður (t.d. ráðstefna), viðskipti)
- Hvað varð til að viðkomandi hugleiddi Íslandsferð

- Hve skipulagði dvölina á Íslandi
- Hvort viðkomandi hefur komið áður til Íslands og hvort hann hyggist koma aftur til Íslands
- Eyðsla í ferðinni. Dvalarlengd
- Ánægja með ferðina (ferðina í heild, mannlíf og menningu, náttúru og landslag, útiveru, afþreyingu utandyra, flugþjónusta til landsins, flugþjónusta innanlands, hótelþjónusta, veitingahús, matur og þjónusta, skipulagðar skoðunarferðir, verðlag)
- Umsögn um bæklinginn (Around Iceland/Reykjavík)

Svörin eru svo krosskeyrð eftir: ári, þjóðerni, aldri, dvalarlengd, hver skipulagði dvölina á Íslandi, eyðslu á dag ofl.

Aðgengi: Ferðamálaráð, höfundar, bóksafn Háskólans á Akureyri.

## Ferðaskrifstofur. Samkeppnisstaða atvinnugreinarinnar

Ingólfur Garðarsson, lokaritgerð frá Viðskipta og hagfræðideild H. Í., vor 1992.

Í ritgerðinni er m.a. rætt um æviskeið atvinnugreinarinnar og leitað er svara við því á hvaða skeiði vöxtur atvinnugreinarinnar er. Fjallað er um hver styrkur neytenda og birgja sé gagnvart atvinnugreininni og hvort atvinnugreininni stafi hætta af staðkvæmdaráhrifum eða inngöngu nýrra ferðaskrifstofa. Skoðað er hvernig samkeppni er háttað innan greinarinnar, hverjir séu styrkleikar og veikleikar greinarinnar ásamt tækifærum og ógnunum. Að síðustu er dregin ályktun út frá niðurstöðum um samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar.

Ritgerðin inniheldur m.a. eftirfarandi tölulegar upplýsingar:

Aldur og eignarform ferðaskrifstofa. Fjöldi ferðaskrifstofa í hverju kjördæmi. Ársverk í ferðaskrifstofurekstri árin 1980 - 1990. Veltufjárlutfall og eiginfjárlutfall árin 1985 - 1990. Hreinn hagnaður sem prósent af rekstrartekjum. Farþegafjöldi til helstu landa í leiguflugi árin 1990 og 1991. Skipting farþega í leiguflugi á ferðaskrifstofur og fjöldi ferða árið 1991. Markaðshlutdeild í orlofsferðum árið 1991. Hlutdeild í heildarfarmiðasölu árið 1991. Hvaða ferðaskrifstofur auglýsa mest. Skipting auglýsinga ferðaskrifstofa á vikudaga og mánuði 1991. Markaðshlutun eftir árstíðum. Meðalgrunnlaun og meðalheildarlaun eftir vinnuveitenda á mánuði. Fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands árin 1949 - 1991. Gjaldeyristekjur af ferðamannaþjónustu árin 1984 - 1991 á verðgildi ársins 1991. Tekjur af hverjum ferðamanni árin 1986 til 1991. Tekjur af erlendum ferðamönnum samanborið við verðgildi útflutnings eftir vörutegundum.

Aðgengi: Þjóðarbókhlaða, höfundur.

## Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi

Erla Friðriksdóttir, kandidatsritgerð, Viðskipta- og Hagfræðideild H. Í., maí 1993.

Viðfangsefni ritgerðarinnar er athugun á ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Gerð er úttekt á hvert er framboð ferðaþjónustu á svæðinu, þ.e. afþreying - gisting- veitingar (fjöldi rúma og sæta). Hvernig þróun framboðs hefur verið síðastliðin fimm ár (fyrir 1993) og hvernig þjónustan dreifist. Við úttektina var Snæfellsnesi skipt upp í 4 svæði:

- I. Stykkishólmur - Helgafellssveit - Flatey
- II. Grundarfjörður - Eyrarsveit
- III. Ólafsvík - Hellissandur
- IV. Sunnanvert Snæfellsnes

Niðurstöður eru svo birtar sérstaklega fyrir hvert svæði. Kannað er hvort fyrirtæki í ferðaþjónustu tengjast á einhvern hátt innbyrðis með samvinnu eða hvort viðskiptavinurinn er eini tengiliður fyrirtækjanna. Athugað er hvort forráðamenn fyrirtækja í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi sjá fyrir sér einhverja samvinnu á milli fyrirtækja. Markhópur ferðaþjónustu er kannaður og gerð athugun á því hvernig núverandi stjórnun fyrirtækjanna er háttað. Að lokum er fjallað um stuðningsaðila ferðaþjónustu og hvers konar stuðning þeir veita. Í lok hvers kafla eru dregnar saman niðurstöður og komið með ábendingar eftir því sem við á. Við lausn verkefninsins voru tekin viðtöl við flesta sem standa að ferðaþjónustu á Snæfellsnesi og einnig voru notaðar upplýsingar frá sveitarfélögum og stuðningsaðilum. Enn fremur var stuðst við kánnanir sem þegar höfðu verið gerðar á meðal ferðamanna hér á landi.

Aðgengi: Þjóðarbókhlaða, höfundur.

## Hópferðir erlendra ferðamanna um Ísland; könnun á dreifingu þeirra, efnahags- og umhverfisáhrifum

Anna Dóra Sæþórsdóttir. M.S. Ritgerð, Jarð- og landafræðiskor, Háskóla Íslands, Reykjavík,  
Sept. 1992. 115 bls.

Í ritgerðinni er fjallað almennt um ferðamennsku og þróun hennar og hins vegar um dreifingu erlendra hópferðamanna um Ísland og stöðu ferðaþjónustu á Íslandi.

Könnunin á dreifingu erlendra hópferðamanna um Ísland, byggði á gögnum 17 fyrirtækja, aðallega ferðaskrifstofa og einnig nokkrum eigendum hópferðabíla. Allar hópferðir sem Íslenskar ferðaskrifstofur bjóða upp á, bæði sérferðir og fastar ferðir, sem stóðu yfir í júlí 1991, voru athugaðar og helstu viðkomustaðir hópanna voru skráðir á hverjum degi. Auk þess var athugað hvar hóparnir gisti og hvers konar gistaðstaða var notuð.

Niðurstöðurnar voru svo notaðar til að kortleggja hversu margir hópferðamenn komu á hina ýmsu staði landsins. Einnig er sýnt hvar og hvernig ferðamennirnr gisti meðan á ferðinni stóð og helstu leiðir sem farnar voru á milli landshluta.

Í ritgerðinni er m.a. að finna eftirtaldar upplýsingar:

- Fjöldi ferðadaga erlendra hópferðamanna í júlí 1991, á helstu viðkomustöðum
- Dreifing hópferðamanna á helstu viðkomustaði yfir mánuðinn (júlí 1991)
- Gistinætur erlendra hópferðamanna í júlí 1991. Skipting eftir landshlutum, sýslum, svæðum
- Gistinætur erlendra hópferðamanna í júlí 1991. Tegund gistingar eftir sýslum
- Sveiflur í fjölda gistenáttu eftir svæðum
- Helstu akstursleiðir erlendra ferðamanna
- Áhrif ferðamanna á efnahag og umhverfi Skútustaðahrepps
- Heildarfjöldi hópferðamana í júlí á helstu viðkomustöðum, meðalfjöldi á dag, flestir hópferðamenn á einum degi og fæstir hópferðamenn á einum degi á helstu viðkomustöðum
- Heildarfjöldi gistenáttu hópferðamanna í júlí á helstu viðkomustöðum, meðalfjöldi sem gisti eina nótta, mesti fjöldi sem gisti eina nótta, minnsti fjöldi sem gisti eina nótta
- Fjöldi hópferðamanna á helstu viðkomustöðum, eftir dögum, í júlí 1991

Aðgengi: Bókasafn Jarð- og Landafræðiskorar HÍ, höfundur.

### **Markaðssetning ferðaþjónustu, með áherslu á hálandisveg**

Kristín Elfa Ingólfssdóttir, kandidatsritgerð, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, maí, 1991. 112 bls + fylgiskjöl.

Ritgerðin inniheldur m.a. niðurstöður skoðanakönnunar um viðhorf bæði almennings sem og bæjarstjóra og sveitarstjóra til lagningar hálandisvegar yfir Ísland. Úrtakið úr röðum almennings er 80 manns, 20 ára og eldri, sem skráðir voru í símaskrána, 10 úr hverju svæðisnúmeri. Alls svöruðu 71 einstaklingur. Úrtak Bæjar- og sveitarstjóranna samanstendur af 7 einstaklingum.

Sá hluti könnunarinnar sem tekur til viðhorfa almennings, innheldur fjórar spurningar (fyrir utan bakgrunns spurningar) sem eru:

1. Hefur þú heyrt talað um lagningu végars yfir hálandi Íslands sem væri nothæfur fyrir almenning?
2. Ert þú hlynnt / hlynntur þessari vegalagningu? Ef nei, Af hverju?
3. Ertu hrædd(ur) um að aukning verði á náttúruspjöllum á hálandi Íslands með tilkomu þessa végars? Ef mjög hrædd(ur), Af hverju?
4. Værir þú spenntur fyrir að aka þennan veg á ferðalagi?

Niðurstöðurnar eru greindar eftir svæðisnúmerum, kyni og spurning nr. 2. er krosskeyrð eftir aldri.

Bæjar- og sveitarstjórarnir voru spurðir hvort fundað hefði verið um málið, hver þeirra skoðun væri á hálandisvegi yfir Ísland, hvaða áhrif þeir teldu að vegurinn gæti haft á ferðamál í þeirra landshluta, hvaða áhrif þeir töldu að þessi vegur gæti haft á byggðaþróun í landinu og hvort þeir töldu að vegurinn gæti leitt til aukinna náttúruspjalla á hálandi Íslands.

Aðgengi: Höfundar, Pjóðarbókhlaða.

### 3.2.Erlendar lokaritgerðir

#### **The economic impact of international tourism in Iceland**

Oddný Óladóttir, McGill University, Montreal, október 1992. 128 bls.

Lokaritgerð í landafræði, frá McGill University í Montreal. Markmið ritgerðarinnar var að greina efnahagsleg áhrif alþjóðlegrar ferðamennsku á Íslandi. Tvær kannanir voru framkvæmdar til að safna upplýsingum um útgjöld ferðamanna og um „cost and revenue structures“ mismunandi tegunda ferðamannaþjónustu. Gögnin voru síðan greind með *simplified multiplier* módeli. Niðurstöður geyma m.a. upplýsingar um: „The economic impacts associated with various „tourist types“; the ability of different tourism businesses and sectors to generate local income and employment, and; the links that exist between the industry and the rest of the economy. Each of these data bases is then used to provide an overview of future policy options facing the Icelandic government“ (úr útdrátti).

Tilgangur ferðamennakönnunarinnar var að greina magn og mynstur útgjalda ólíkra ferðamannahópa sem heimsækja Ísland. Ferðamannahóparnir voru aðgreindir eftir:

Dvalarlengd, þjóðerni, ferðamáta, tilgangi ferðar og gismáta. Könnunin var framkvæmd frá júní til ágúst 1990. Alls fylltu 802 ferðamenn út spurningalista, sem innihélt 10 spurningar.

Seinni hluti gagnaöflunarinnar fól í sér könnun meðal ferðaþjónustuaðila. Alls svoruðu 76 einstaklingar þeim spurningum. Spurningalistanum var ætlað að afla upplýsinga um:

- \* Expenditure patterns - how much revenue is transformed into wages, salaries and purchases of goods and services and what are the propensities to import on the first round of expenditure.
- \* Revenue sources - what proportion of revenue comes from international tourism.
- \* Employment generation - what kind of employment opportunities does the tourist sector provide.
- \* Government revenue - how much government revenue is generated (taxation, utility payments etc).

Niðurstöður geyma m.a. eftirfarandi tölulegar upplýsingar:

- \* Mean length of stay and total tourist days by major market areas
- \* Accommodation type used by major market areas
- \* Overnight stay by region by major market areas
- \* Average daily expenditure per tourist by industry sector
- \* Daily expenditure by major market areas per industry sector
- \* Expenditure by accommodation type
- \* Daily expenditure by mode of travel - purpose of visit - on package trip
- \* Iceland's gross revenue derived from summer tourism in 1990
- \* Income, employment and government revenue co-efficients by tourist sector
- \* First round import propensities by establishment type

Aðgengi: höfundur, Ferðamálaráð Íslands.

## An evaluation of tourism in the Westfjords of Iceland

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, University of Surrey, 1989.

Lokaritgerð við háskólann í Surrey, sem hefur að geyma mat á ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Inniheldur m.a. niðurstöður markaðskönnunar og ferðamannakönnunar. Við framkvæmd markaðskönnunarinnar var talað við 30 manns sem fengust við ferðaþjónustu á Vestfjörðum og fulltrúa 15 bæjar/sveitarstjórnar og 13 ferðaskrifstofur. Úrtak ferðamannakönnunarinnar samanstóð af 102 einstaklingum sem voru á ferð um Vestfirði sumarið 1988. Báðar kannanirnar voru framkvæmdar það sumar.

Niðurstöður ferðamannakönnunarinnar innihalda m.a. upplýsingar um:

- hlutföll ferðamanna sem heimsækja mismunandi staði
- tilgangur ferðar til Vestfjarða
- hvenær ákörðunin um að fara í ferðina var tekin
- dvalarlengd eftir tilgangi ferðar
- gistimáti og meðal dvalarlengd
- föruneyti
- hvað ferðmönnum líkar best og verst við Vestfirði
- ástæða fyrir vali á íslandsferð
- eyðsla erlendra ferðamanna
- endurteknar ferðir til Íslands eftir þjóðerni

Þess fyrir utan er m.a. fjallað um í ritgerðinni:

- þróun ferðamennsku á Vestfjörðum til 1987
- eftirspurn ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Innanlands og alþjóða markaður
- framboð ferðaþjónustu á Vestfjörðum, greint eftir sýslum
- helstu vandamál og flöskuhálsar innan ferðamannaiðnaðar á Vestfjörðum
- framtíðarþróun ferðaþjónustu á Vestfjörðum

Aðgengi: hjá höfundi.

### The expectations of visitors to Iceland

Póra Valný Yngvadóttir. Lokaritgerð við Oxford Brookes University, apríl 1994. 77 bls + viðaukar.

Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvað það er sem dregur erlenda ferðamenn til Íslands og hverjar væntingar þeirra eru. Ritgerðin inniheldur niðurstöður annars vegar *ferðamannakönnunar* og hins vegar könnunar á meðal *ferðasöluaðila erlendis*. *Ferðamannakönnunin* fór þannig fram að spurningalisti á fjórum tungumálum, 280 eintök, lá frammi í brottfararálmu í Leifsstöð 10.7. til 20.8. 1993 og voru svarendur beðnir að senda útfyllta lista til höfundar, á ákveðið heimilisfang í Englandi.

Svarhlutfall var 56%, eða 157 svarendur.

Niðurstöður *ferðamannakönnunarinnar* geyma upplýsingar um:

- Þjóðerni, aldur, kyn, starf og tekjur svarenda
- Ástæður fyrir því að ákveðið var að ferðast til Íslands

- Hverjar væntingar svarenda voru fyrir komu til landsins
- Hve vel heimsóknin mætti væntingum þeirra
- Hvað var öðruvísi en vænst var
- Hvað svarendur vissu um Ísland áður en þeir komu og hvar fengu þeir þá vitneskju
- Hvar þeir fengu upplýsingar um Ísland og hversu réttmætar og nákvæmar voru þessar upplýsingar
- Ferðamáta
- Hvar ferðin var keypt og hvernig þjónusta söluaðilans var

Í ferðaskrifstofukönnuninni, voru 107 spurningalistar sendir til ferðaskrifstofa í 11 Evrópulöndum og til Bandarkjanna. Svarhlutfall var 36,45% eða 34 svarendur.

Niðurstöður þeirrar könnunar sýna m.a.:

- Hvort viðkomandi auglýsi Ísland og þá í hver konar miðlum.
- Hvort sölufólk hljóti einhverja þjálfun á Íslandi, hve margir og hvers konar þjálfun.
- Hvort söluaðilinn skipuleggi ferðir til Íslands
- Hvernig kynningarefni um Ísland, þeir sýni útlendingum
- Hvort fyrirtækið hafi einhverjar sértækar upplýsingar um Ísland og hversu aðgengilegar þær upplýsingar eru
- Sundurgreiningu á hvers konar Íslandsferðir viðkomandi selur og hve stór hluti þær eru af heildarsölu

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, höfundur.

### Icelands gain from tourism. An economic study

Þorleifur Þór Jónsson, University of Surrey, 1985, 77 bls.

Ritgerð þessi fjallar um að megin hluta, athugun á margföldunaráhrifum ferðaþjónustu, sem höfundur framkvæmdi á Íslandi vorið 1985:

„Through interviews with people in the tourist industry a cost breakdown of the relevant companies was established. [The amount of currency purchased from tourists in 1984] was used as input for a input-output matrix model based on the cost breakdown earlier mentioned.

Other parts of the thesis cover visitor arrival statistics compared to visitor guest nights and the considerable difference there is between countries of origin in that comparison. The labour requirements in tourism are studied and future requirements forecasted“ (úr útdrátti).

Aðgengi: Höfundur, Ferðamálaráð Íslands.

## The Roles and Impacts of Conventional Bureaux: The case of Scotland with a special reference to Iceland

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, University of Strathclyde, mars, 1993. 78 bls.

Viðfangsefni þessarar lokaritgerðar er hlutverk og áhrif ráðstefnuskrifstofa.

Úr útdrátti:

„Three case studies make up the main body of the text. Two of these derive from Scotland where convention bureaux have been operated for some time. The analysis seeks to illustrate the tasks carried out and what impacts there have been from the bureaux. The experience of the convention bureaux in Scotland is then applied to Iceland where a convention bureau is recently established. Business tourism is a target in Iceland. This paper is suggesting that the operation of convention bureaux in Scotland can serve as good example".

Hefur að geyma tölulegar upplýsingar um:

- The change in visitor arrival 1950 - 1991.
- Tourism receipts (volume-value-change) 1991, 2000.
- Business tourism in Iceland 1989 - 1991: Number of conferences, number of delegates, duration, other non-leisure activities.
- Origin of Conferences in Iceland 1989 - 1991: Scandinavia, Europe, International, unknown.

Aðgengi: Höfundur.

### 4.1. Önnur Íslensk gögn

#### **Akranes - lifandi bær**

Pórdís G. Arthursdóttir, febrúar 1995. 28 bls.

Skýrsla ferðamálafulltrúa Akraness, er geymir yfirlit yfir helstu þætti ferðapjónustu á Akranesi fyrir tímabilið 1. júní 1992 til 31. janúar 1995 svo sem tölulegar upplýsingar varðandi samgöngur, framboð á gistingu, veitingaþjónustu og afþreyingu á Akranesi. í skýrslunni má t.d. finna upplýsingar um nýtingu tjaldsvæðis Akraness yfir sumarmánuðina árin 1993 og 1994, greint eftir Íslendingar / útlendingar. Einnig eru birtar samsvarandi upplýsingar fyrir Byggðasafnið í görðum og Jaðarsbakkalaug (fullorðnir/börn). Gestafjöldi upplýsinga-

miðstöðvarinnar fyrir sumarmánuðina árin 1993 og 1994 er sýndur þar sem tölur eru greindar eftir Íslendingar / útlendingar. Þá er birt yfirlit yfir áætlaðan fjölda „gangandi“ farþega Akraborgar yfir sama tímabil.

Aðgengi: Ferðamálaufulltrúi Akraness.

### **Akranes vaxandi bær á vesturlandi**

Pórdís G. Arthursdóttir, nóvember 1991. 18 bls + viðauki.

Skýrsla ferðamálaufulltrúa Akraness fyrir árið 1991. Í skýrslunni er gerð grein fyrir stöðu ferðamála á Akranesi, þ.e. hvað var gert á því sviði árið 1991 og sett fram starfsáætlun fyrir árin 1992 og 1993. Í skýrslunni er m.a. að finna upplýsingar um stöðu ferðamála á Akranesi haustið 1990 og svo aftur haustið 1991, t.d. fjallað um framboð gistirýmis og veitingaþjónustu á staðnum svo og ýmis konar afþreyingar. Fylgiskjal nr. 2 hefur að geyma upplýsingar um gestafjölda í Upplýsingamiðstöð bæjarins í maí 1991 til október sama ár. Gefnar eru updaglegar tölur, skiptar eftir Íslendingar / útlendingar.

Aðgengi: Ferðamálaufulltrúi Akraness.

### **Ársskýrsla Ferðafélags Íslands Árbók Ferðafélags Íslands**

Ferðafélag Íslands.

Hver árbók hefur að geyma ársskýrslu síðasta árs. Í skýrslunum er rakin starfsemi félagsins og deilda þess, í grófum dráttum, yfir árið. Þar má m.a. finna þessar upplýsingar:

- Rekstrar- og efnahagsreikningauppgjör fyrir hvert ár, samanborið við fyrra ár.
- Yfirlit yfir ferðafélagsferðir ársins, þar sem fram kemur m.a. hvaða leið var farin og fjöldi þátttakenda í hverri ferð.
- Fjöldi ferða yfir árið og fjöldi þátttakenda skipt eftir tegund ferðar.
- Fjöldi gistenátta í skálum og á tjaldstæðum félagsins (stundum skipt eftir ísl/útl), fjöldi daggesta í hópferðum.

Aðgengi: Ferðafélag Íslands, Þjóðarbókhlaða.

## **Ársskýrsla ferðamálafulltrúa 1995**

Ófeigur Gestsson, maí 1995, fyrir Ferðamálaufélag Austur - Húnvetninga.

Árskýrslan geymir m.a. upplýsingar um:

- rekstur ferðamálaufélagsins,
- aðsókn að upplýsingamiðstöð félagsins, skipt eftir ísl/erl (1993 - 1994),
- tekjur af tjaldstæði Blönduóss og
- fjárhagsáætlun (1995).

Aðgengi: Ferðamálaufélag Austur-Húnvetninga.

## **Ársskýrsla Ferðamálaráðs Íslands**

Ferðamálaráð Íslands.

Skýrslurnar geyma ýmsar tölulegar upplýsingar sem lúta að ferðamálum á Íslandi. Sem dæmi má taka:

- Tölulegar upplýsingar um rekstur ferðamálaráðs yfir viðkomandi ár
- Yfirlit yfir þróun í komum erlendra ferðamanna til Íslands.

Í Árskýrslu 1993 t.d.:

- komur erlendra ferðamanna frá ýmsum löndum árin 1970 - 1993.
- komur erlendra feðamanna eftir árstíðum.
- komur erlendra ferðamanna, skipting eftir þjóðerni og breyting milli ára.
- gistenætur á hótelum og gistiheimilum 1987 - 1993, skipting eftir þjóðerni.
- gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu árin 1990 - 1993.

Hjá Ferðamálaráði liggja enn fremur frammi Ársskýrslur ferðamálaráða fjölmargra annarra landa.

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands.

## Evrópusamvinna og ferðaþjónusta

Arnar Már Ólafsson, Davíð Stefánsson, Reykjavík, 1995. 234 bls.

Eins og segir í inngangi, er í bók þessari leitast við að kortleggja með hvaða hætti Evrópusambandið stuðlar að aukinni samvinnu á sviði ferðaþjónustu. Einnig er með útgáfunni leitast við að vekja athygli á þeim möguleikum og sóknarfærum sem íslensk ferðaþjónusta getur átt í Evrópusamstarfi. Reynt er að taka saman heildarupplýsingar um starf Evrópusambandsins og áhrif þess á ferðaþjónustu sem atvinnugrein.

Bókin skiptist í two megin hluta:

HLUTI I fjallar um beinar aðgerðir Evrópusambandsins til aðstoðar ferðaþjónustu:

*Pátttaka Evrópusambandsins í ferðaþjónustu.*

HLUTI II fjallar um samstarf á öðrum sviðum:

*Aðrir áhrifapættir í ferðaþjónustu.*

Í hluta II undir kaflanum *skattar og vörugjöld* (DG XXI) er m.a. að finna eftirfarandi tölulegar upplýsingar:

Hlutfall virðisaukaskatts af helstu tegundum ferðaþjónustu í ríkjum Evrópusambandsins

Hlutfall virðisaukaskatts á markaði hótela og veitingahúsa í ríkjum Evrópusambandsins

Hlutfall virðisaukaskatts á markaði hótela og veitingahúsa í ríkjum Evrópusambandsins

Leyfilegt magn skattfrjálsrar sölu milli aðildarríkja Evrópusambandsins til 30. júní

1999, á flugvöllum, í flugvélum og fyrir farþega í Ermasundsgöngunum

Kaflinn *efnahagsleg og félagsleg samheldni* (DG XVI og VI) geymir m.a. yfirlit um:

Styrkir þróunarsjóða Evrópusambandsins til ferðaþjónustu

Fjármagnsáðstoð Fjárfestingabanka Evrópu til ferðaþjónustu: 1989-92 og 1993

Sameiginlegar lánveitingar Fjárfestingabanka Evrópu til ferðaþjónustu eftir löndum á

árunum 1989-1992

Kaflinn *tölfræðilegar upplýsingar* (Eurostat (= Hagstofa Evrópusambandsins)) sýnir:

- áætlun um tölfræðilegar upplýsingar ferðaþjónustu

- könnun á mikilvægi tölfræðiupplýsinga

- reglugerðardrög um tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustu

Ennfremur er að finna í fylgiritum:

\* Umfjöllun um sérstaka áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um gerð kannana á sviði ferðaþjónustu (sjá Viðauka I) og

\* Ýmsar tölulegar upplýsingar um ferðaþjónustu innan Evrópusambandsins (Byggð á

upplýsingum frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT), Alþjóða ferðamálaráðinu (World Tourism Organisation WTO), og Alheimssamtökum forystumanna í ferðaþjónustu (World Travel og Tourism Council - WTTC). :

1. Ferðastreymi:

- Fjöldi erlendra ferðamanna í Evrópu 1989 - 1992. Fjöldi, breyting milli ára, markaðshlutfall í Evrópu.
- Gistinætur erlendra ferðamanna í Evrópu 1989 - 1992. Hótel og gistihaus.
- Meðallengd dvalar erlendra ferðamanna.
- Dreifing ferðamanna eftir árstíma 1992. Heildarfjöldi gistenátta erlendra ferðamanna (allt gistiþymi meðtalið).
- Ferðastreymi innan Evrópusambandsins 1992 samkvæmt tilgangi.

2. Efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar (allar tölur greindar eftir þjóðum):

- Framleiðsluvirði ferðaþjónustu. Áætluð hlutfallsbreyting á milli ára.
- Atvinna í ferðaþjónustu. Áætluð stöðugildi greinarinnar af heildaratvinnusköpun árið 1994.
- Hlutur ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu.
- Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu í mismunandi vörnu og þjónustu.
- Áætlaðar fjárfestingar og atvinnusköpun í ferðaþjónustu 1994.
- Áætlað skattaframlag ferðaþjónustu í heiminum 1991, 1994, 2005.
- Skattaframlag ferðaþjónustu 1994.

Aðgengi: Ferðamálaráð Íslands, höfundar, bókaverslanir.

## Ferðaþjónusta í Vestmannaeyjum

### Greining, stefnumörkun, aðgerðir

Runólfur Smári Steinþórsson, fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja. Maí, 1994. 107 bls.

Megin tilgangur verkefnisins var að það skyldi leiða til tillögu að stefnumarkandi áætlun Vestmannaeyjabæjar til eflingar ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum, þar sem tekin yrði afstaða til þess hvert væri hlutverk bæjarins, að hvaða takmarki hann skyldi vinna og með hvaða hætti bærinn skyldi stuðla að framgangi atvinnugreinarinnar.

Skýrslan hefur að geyma tölulegar upplýsingar um:

- Yfirlit yfir rekstrarkostnað Ferðamálaráðs (á föstu verðlagi 1992), skipt upp í landkynningu, upplýsingamál og umhverfismál.
- Yfirlit yfir lánveitingar Ferðamálaþjónustu, 1981 - 1991.

- Fjöldi útistandi lána Ferðamálasjóðs í upphafi árs 1993, skipt eftir landshlutum og markmið lána.
- Komur erlendra ferðamanna 1982 - 1992.
- Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum 1982 - 1992, skipt eftir: gjaldeyristekjur á verðlagi 1992, gjaldeyristekjur alls, ferða- og dvalarkostnaður erl. ferðamanna, fargjaldatekjur flugfélaga.
- Hlutfall ferðaþjónustu í rekstrartekjum fyrirtækja í atvinnugreinunum: hótel og veitingastaðir, samgöngur á landi, samgöngur sjóleiðis, flugsamgöngur, menning og afþreying, ferðaskrifstofur (skv. nálgun Þjóðhagsstofnunar).
- Rekstrartekjur í ferðaþjónustu 1982 - 1992, skipt eftir: velta í ferðaþjónustu, hótel- og veitingastaðir, samgöngur á landi, samgöngur sjóleiðis, flugsamgöngur, menning og afþreying, ferðaskrifstofur.
- Áætluð ársverk í ferðaþjónustu, mv. skilgreiningur OECD, 1982 - 1990, skipt eftir: Samtals OECD, veitinga- og gististaðir, flugrekstur, annað skv. skilgreiningu OECD.
- Áætluð laun og launatengd gjöld í ferðaþjónustu, m.v. skilgreiningu OECD, 19482 - 1990, skipt eftir: samtals á verðlagi 1992, samtals OECD, veitinga- og gististaðir, flugrekstur, annað skv. skilgreiningu OECD.
- Gistinætur á hótelum og gistiheimilum, sett í samhengi við fjölda erlendra ferðamana til landsins, 1985 - 1992, skipt eftir: komur erl. ferðamanna, gistinætur erl.ferðamanna, gistinætur ísl, gistinætur alls.
- Gistinætur á Suðurlandi á öllum hótelum og gistiheimilum, frá júní 1984 út árið 1989, skipt eftir árum og tegund gistiþýmis.
- Yfirlit yfir helstu niðurstöður kannanna um ferðamál:
- Fjöldi farþega til Vestmannaeyja og þróun 1984 - 1993, skipt eftir samgöngumáta.
- Framboð gistiþýmis og ýmissa afþreyingarþáttu, í Vestmannaeyjum.

Aðgengi: Vestmannaeyjabær.

### **Ferðaþjónusta, uppbygging og afkoma.**

Sigurborg Kr. Hannesdóttir fyrir Byggðastofnun, 1993, 111 bls.

Markmið verkefnisins var að „afla upplýsinga sem nota má til stefnumörkunar Byggðastofnunar á sviði ferðaþjónustu og hvernig aðgerðir tengdar henni snerta aðrar aðgerðir í byggðamálum. Þetta er gert með því að gera grein fyrir ýmsum staðreyndum varðandi ferðaþjónustu og örum breytingum innan hennar á undanförnum árum. Jafnframt er lagt mat á afleiðingar þess sem gert hefur verið, líklega þróun næstu ára og hvað heppilegt sé að leggja áherslu á í nánustu framtíð“ (bls.12).

Fjallað er um hvernig helstu þættir ferðaþjónustunnar hafa þróast frá 1987. Reynt er að meta samspil framboðs og eftirspurnar, þ.e. uppbyggingu gistirýmis til mótvægis við þróun markaðarins. Meðal annars eru hér upplýsingar um:

- Yfirlit yfir aukningu gistirýmis 1987 - 1992, greint eftir: hótel og gistihaus, farfuglaheimili og bændagisting.
- Yfirlit yfir gistenetur Íslendinga á hótelum og gistiheimilum, eftir ársþriðjungum 1987 - 1992, (landsbyggð / höfuðborgarsvæði).
- Yfirlit yfir aukningu gistirýmis og fjölda gistenátta á hótelum og gistiheimilum 1987 - 1992.

Fjallað er um afkomu ferðaþjónustunnar 1987 - 1992, auk þess sem fjallað er lítillega um two þætti sem hafa afgerandi áhrif á rekstrarafkomu hennar, raungengisáhrif og skattlagningu:

- Rekstrartekjur og hagnaður ferðaþjónustu 1987 - 1990 í milljónum króna.
- Rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu; samanburður 1990 - 1991. Hlutföll af veltu (hagnaður fyrir vexti og verðbr., hagnaður af reglul. starfs.), greint eftir: gistiðir, rekstur strætisvagna og langferðabíla, flugrekstur, ferðaskrifstofur.
- Hlutföll úr efnahagsreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustu, samanburður við 1990 - 1991. (Veltuhlutfall, eiginfjárlhlutfall), greint á sama hátt.
- Skuldastaða fyrirtæka í ferðaþjónustu; hlutfall skammtíma- og langtímaskulda 1991). Sama greining.

Pá er dregin upp mynd af markaðsmynstri ferðaþjónustunnar, bæði meðal innlendra (byggt á könnunninni „Góðir Íslendingar“, eftir Rögnvald Guðmundsson, 1992) og erlendra ferðamanna.

- Yfirlit yfir gistemáta Íslendinga í sumarfrí innanlands.
- Yfirlit yfir eyðslu Íslendinga í sumarleyfisferð innanlands.

Fjárfestingar í ferðaþjónustu eru skoðaðar, aðallega í gistirými:

- Yfirlit yfir gistirými (fjöldu rúma) eftir tegundum (gistiðstöðu) árið 1992.
- Heildartölur yfir fjárfestingar í ýmsum þáttum ferðaþjónustu (áætlun).
- Lánveitingar opinberra sjóða: t.d.
  - útistandandi lán og meðallán Byggðastofnunar, 31.12.1992, eftir starfsemi (hótel og gistihaus, bændagisting, veitingahús).
  - meðallán Byggðastofnunar eftir starfsemi (þús kr. og fjöldi lántaka).
  - lán byggðastofnunar til ferðaþjónustu eftir kjördænum (1992).
- Styrkveitingar Byggðastofnunar til ferðaþjónustu 19485 - 1992 á verðlagi hvers árs.
- Útistandandi lán Ferðamálasjóðs, 31.12.1992, eftir starfsemi og kjördænum.
- Útistandandi lán Iðnláanasjóðs, eftir starfsemi, 31.12.1992.
- Framlög Framleiðnisjóðs til ferðaþjónustubænda (- 1992).

Fjallað er um fjárfestingar og afkomu hótela, bændagistingar, sumarbústaða, skála á hálandinu, tjaldsvæða og langferðabíla og birt:

- Yfirlit yfir staðsetningu sumarbústaða, eftir landshlutum.

Næst er rætt um eðlismun á uppbyggingu ferðaþjónustu, annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggðinni. Þar koma m.a. fram upplýsingar um:

- Breytingar á gistenýtingu hótela og gistiheimila 1987 - 1992, eftir landshlutum og ársþriðjungum.
- Fjöldi ársverka í ferðaþjónustu eftir landshlutum (1990).
- Fjöldi rúma að baki ársverkum eftir landshlutum.
- Skipting gistenátta Íslendingar eftir landshlutum sumarið 1992.
- Mikilvægi erlendra markaða fyrir höfuðborgarsvæðið / landsbyggðina, reiknað út frá fjölda erlendra ferðamanna til landsins, meðalneyslu eftir þjóðernum og dvalarlengd.
- Gistinætur á hótelum og gistiheimilum eftir landshlutum og ársþriðjungum 1992, eftir ísl/útl.
- Hvernig gistinætur erlendra ferðamanna skiptast milli landshluta á mismunandi ártínum.
- Umfjöllun um framtíðarþróun ferðaþjónustunnar hér á landi á næstu árum (eftir 1992).

Að síðustu er vægi ferðaþjónustu í þjóðarbúskapnum skoðað:

- Gjaldeyristikjur iðnaðar, saltfisksútflutnings og ferðaþjónustu 1992, hlutfall af útflellum vörum og þjónustu og hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Aðgengi: Byggðastofnun.

### **Fyrirkomulag á söfnun upplýsinga um erlenda ferðamenn til Íslands**

Sigurður P. Sigmundsson, fyrir Ferðamálanefnd Reykjavíkur, febrúar 1995.

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Ferðamálanefndar Reykjavíkur og samstarfi við Atvinnumálanefnd Reykjavíkur og var markmiðið með henni að benda á leiðir til að bæta upplýsingaöflun um erlenda ferðamenn.

Í skýrslunni er fyrst að finna almenna umfjöllun um fjölda erlenda ferðamanna til Íslands. Því næst er rætt um núverandi skráningu upplýsinga um erlenda ferðamenn til landsins. Þar er sérstaklega fjallað um talningu Útlendingaeftirlitsins á komum til landsins, skráningu Hagstofunnar á gistenóttum og kannanir. Næst er fjallað um tillögu um fyrirkomulag á

skráningu upplýsinga um ferðamenn og að síðustu er rætt um kannanir, bæði almennt og einnig eru tekið dæmi um fyrirkomulag Skota á skráningu upplýsinga um ferðamenn.

Aðgengi: Ferðamálanefnd Reykjavíkur.

## **Greinargerð um margföldunaráhrif eyðslu erlendra ferðamanna**

Þorleifur Þór Jónsson, fyrir Ferðamálaráð Íslands, desember 1985. 9 bls.

Í þessari samantekt er fyrst fjallað almennt um margfaldara. Næst er gerð grein fyrir könnun sem höfundur framkvæmdi sem lokaverkefni til M.Sc. prófs við University of Surrey, í skipulagningu og áætlanagerð í ferðaþjónustu. (sjá bls.64 *Icelands gain from tourism . An economic study*). Könnunin var framkvæmd árið 1985 og fór fram á þann hátt að teknir voru fyrir helstu greirar efnahagskerfisins, sem haga með þjónustu við ferðamenn að gera, að undanskildum flugrekstrinum. Rætt var við aðila úr öllum þessum geirum og fengnar hjá þeim upplýsingar um kostnaðarskiptingu innan fyrirtækja í einstökum atvinnugreinum. Út frá þessum upplýsingum var reiknað út flæði eyðslu erlendra ferðamanna á Íslandi 1984 í milljónum króna, skipt eftir: tekjur ríkisins, innlend viðskipti, tekjur heimilanna og leki vegna innflutnings.

Aðgengi: höfundur, Ferðamálaráð Íslands.

## **Skipting auglýsinga í ljósvaka- og prentmiðlum innan u.p.b. 100 vöruflokka, yfir tímabil að vali.**

Miðlun e.h.f.

Upplýsingar um skiptingu auglýsinga í ljósvaka- og prentmiðlum innan u.p.b. 100 vöruflokka,  
yfir tímabil að vali.

Dæmi um vöruflokka:

Hótel (hótel innanlands ef um er að ræða auglýsingar um verð á gistingu, tilboð  
ýmisskonar fyrir ráðstefnuhald og árshátiðir)

Veitingahús, skemmtanir (Skráð eru veitingahús og skemmtistaðir er hafa matseðla)  
Flutningsfyrirtæki (Allir flutningar, innanlands sem erlendis. Sjóleiðis, landleiðis og  
flugleiðis)

Ferðalög innanlands (Ferðatilboð, rútuferðir, flugferðir, ferjur)  
Ferðalög erlend, ferðaskrifstofur (Allar tegundir auglýsinga um erlend ferðalög)  
(Skráðar eru ferðaskrifstofurnar sem auglýsa, en ekki einstaka ferðir).

Aðgengi: Miðlun e.h.f.

## Umferð á þjóðvegum

Vegagerð Ríkisins, Áætlanadeild.

Skýrsla þessi er gefin út árlega og hefur að geyma niðurstöður umferðartalninga á þjóðvegum landsins.

Upplýsingar eru gefnar um: fjölda talningardaga, lengd vegarins í km, meðalumferð á dag yfir árið (ársdagsumferð), meðalumferð á ákveðnum vegaköflum, mesta umferð á veginum, sumardagsumferð (meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september), vetrardagsumferð (meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember) og ekna kilómetra á hverjum veginum (í þús.km).

Aðgengi: Vegagerð Ríkisins.

## Peir fiska sem róa Íslensk ferðaþjónusta - vaxandi atvinnugrein

Ferðamálanefnd Sjálfstæðisfloksins, 15 bls.

Almenn umfjöllun um íslenska feðaþjónustu sem vaxandi atvinnugrein.

Inniheldur tölulegar upplýsingar um:

- Komur erlendra ferðamanna til landsins, 1960, 1970, 1980, 1985, 1990, 1994.
- Fjölgun erlendra ferðamanna 1985 - 1994.
- Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu árin 1990 - 1994.
- Opinberar fjárveitingar til ferðamála 1990 - 1995.

Aðgengi: Ferðamálanefnd Sjálfstæðisfloksins, Ferðamálaráð Íslands.

**Pjóðhagsreikningauppgjör og rekstraryfirlit fyrir ferðaþjónustu**  
**Greinargerð tölfraðihóps um athugun á samkeppnisstöðu**  
**og rekstrarskilyrðum ferðaþjónustu.**

